



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK
Iceland

Garðabær, 14.4.2025
Málsnúmer: 202503-0055
LA

Efni: Matsáætlun um nýja bryggju við Alviðruhamra ásamt efnisflutninga á landi.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt, dags. 19. mars 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun framkvæmda EP Power Minerals Iceland ehf. sem áformar að reisa bryggju við Alviðruhamra á austanverðum Mýrdalssandi. Auk þess er gert ráð fyrir efnisflutningum þangað frá efnistökusvæði fyrirtækisins á Háöldu við Hafursey.

Fyfirhugaðar framkvæmdir við Alviðruhamra fela í sér:

- Rörabryggja sem verður um 12 m breið og nær um 2 km út frá ströndinni. Um 200 m langur viðlegukantur verður við enda hennar.
- Utan við bryggjuna þarf um 1 km langan brimvarnargarð til að skýla henni fyrir öldugangi.
- Vinnuhöfn, aðstaða fyrir báta og pramma vegna bryggjuframkvæmda. Reistir verða tveir grjótgardar sem ná um 400-500 m út frá ströndinni. Gert er ráð fyrir að garðarnir verða 920 m og 600 m langir.
- Dýpka þarf sjávarbotn um 7-8 m innan garðanna og grafa þarf rennu í gegnum sandrif sem liggur á um 5-6 m dýpi utan við ströndina.
- Leggja þarf 16 km langan vinnuveg (allt að 18 m breiður) eða færiband ásamt þjónustuvegi til að koma efni frá námunni við Hafursey að Alviðruhömrum.
- Geymslusvæði fyrir allt að 300 þús. tonn af efni og starfsmannaaðstaða á svæðinu. Samtals um 40 ha svæði.
- Ný efnistökusvæði m.a. vegna efni í grjótnir og til annara uppbygginga.
- Rafmagnslögn verður líklega um jarðstreng frá Prestbakka meðfram Þjóðvegi 1 að Mýrdalssandi, en sem loftlína yfir Mýrdalssand að Alviðruhömrum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og þar kemur fram flest það sem skoða þarf vegna mats á umhverfisáhrifum. Þeir umhverfisþættir sem snúa að hlutverki Náttúrufræðistofnunar eru: Lífríki á landi (gróður og fuglar) og í sjó (botndýralíf og selir), jarðmyndanir, landslag og ásynd.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.



Fyrirhugaðar stórfamkvæmdir við Alviðruharma og flutningsleið þangað frá Hafursey munu hafa mikil áhrif á áður óraskað landssvæði.

Mikilvægt er að gera grein fyrir vistgerðum, gróðri og fuglum, innan framkvæmdasvæðisins. Kanna þarf mikilvægi svæðisins fyrir útbreiðslu og fæðuöflun sjófugla t.d. á varptíma sem og að vetri til.

Varðandi lífríki í sjó er mikilvægt að kanna hvort um séu að ræða hrygningar- og/eða uppeldissvæði fiskitegunda. Eins þarf að skoða botndýrasamfélag og gera grein fyrir tegundafjölbreytni.

Kann þarf hvort að fyrirhugaðir flutningar á landi og á sjó komi til með að hafa truflandi áhrif á lífríkið t.d. er varðar lýsingu, hljóðvist, aukið ryk og sandfok eða hættu á mengun. Er hætta á að ágengar eða framandi tegundir geti borist inn á svæðið með flutningum t.d. lúpína með flutningabílum eða sjávarlífverur með kjölfestuvatni flutningaskipa.

Eldgjáhraunið er sögulegt hraun og þrátt fyrir að vera sandborið hefur það hátt verndargildi. Gervíggar í Álftaveri eru alþjóðlega mikilvægir vegna fágætis. Full þörf er að kortlegga vel útbreiðslu gervigga á svæðinu þar sem þeir ná út fyrir mörk friðlýsta svæðisins. Svartir sandar myndaðir við jökulhlaup þykja einstakir á heimsvísu.

Gera þarf grein fyrir efnisnánum og efnisþörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda, nýjum efnistökusvæðum, stærð þeirra og áætluð efnistaka í hverri námu fyrir sig. Gera þarf betur grein fyrir mögulegum grjótlutningum erlendis frá sem nota á í grjótnargarða og hvernig staðið verður að þeim flutningum til landsins.

Landslag frá ströndinni við Alviðruhamra í átt að Mýrdalsjökli er stórbrotið og einstakt. Beinn og upphækkaður vinnuvegur, eða færiband, ásamt raflínumöstrum munu hafa neikvæð áhrif á landslag. Lýsing við hafnarmannvirki mun hafa áhrif á landslag. Þá fellur svæðið undir skilgreiningu um óbyggð víðerni og þarf að gera grein fyrir skerðingu þeirra.

Mikilvægt er að gerð sé grein fyrir náttúruvá í umhverfismatsskýrslu. Fyrst og fremst eru það möguleg jökulhlaup samfara eldgosum í Mýrdalsjökli sem geta borið með sér mikið magn af gosefnum til sjávar. Hins vegar eru það möguleg sjávarflóð við ströndina t.d. í ofsaveðrum.

Gera þarf rannsóknir og líkanareikninga á setflutningum, öldugangi og strandrofi við ströndina og hvaða áhrif t.d. vinnuhöfn og brimvarnagarður hafa á setflutninga. Eins þarf að gera grein fyrir áhrifum þess að fyrirhugað er að gera skarð í sandrifið úti fyrir ströndinni og hvort það geti breytt núverandi ástandi sjávar s.s. setflutningum eða straumum. Gera þarf betur grein fyrir efnislosun í hafi vegna dýpkunar sjávarbotns við þjónustubryggju og dýpkunar í siglingarennu í gengum sandrifið úti fyrir strönd.

Sumt af því sem hér hefur verið sett fram verður fjallað nánar um í umhverfismatsskýrslu. Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Akranes

Hafnarfjörður, 16.04 2025
2025-03-0143
JPJ

Málefni: Beiðni um umsögn – Bryggja við Alviðruhamra. Mál nr. 307/2025 (Mat á umhverfisáhrifum - Matsáætlun)

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Hafrannsóknastofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Í erindinu kemur fram að EP Power Minerals Iceland ehf., hyggst reisa bryggju nærri Alviðruhömrum á austanverðum Mýrdalssandi. Frá iðnaðarsvæðinu við hafnarmannvirkin er lagt til að leggja veg yfir sandinn að efnistökusvæði á Háöldu við Hafursey. Reisa þarf langan viðlegukant og eins km langan brimvarnargarð á 16 – 20 m dýpi til að skýla fyrir öldugangi, en svæðið er fyrir opnu hafi.

Framkvæmdaaðilar leggja til mismunandi valkosti við efnisval og hönnun bryggju og varnargarðs. Æskilegt er að hönnun mannvirkja sé þannig að rask og umhverfisáhrifum verði sem minnst. Framkvæmdaraðilar gera ráð fyrir að allt að 3 millj. m³ af grjóti fari í varnargarðinn, en óljóst er hvort þurfi allt að 1 millj. m³ í viðbót í hafnargerð fyrir vinnubáta. Þetta er mikið magn, og það þarf að skoða og bera saman mismunandi rask og umhverfisáhrif við efnistöku og flutning efnisins að Alviðruhömrum fyrir gerð varnargarða hverju sinni, hvort það sé grjót frá óröskuðu svæði við Mýrar eða Bólhraun, tilfallandi grjót frá Þorlákshöfn, eða steiptar einingar frá útlöndum.

Hér verður fjallað um umhverfisþætti sem Hafrannsóknastofnun leggur áherslu á að verði metnir og fjallað um sérstaklega.

Haffræði

Hafrannsóknastofnun bendir á að framkvæmdaraðilar ættu að skoða áhrif bryggju og varnargarðs á strauma, öldur, setflutninga, setsöfnun sums staðar og mögulegt strandrof annars staðar. Til þess ætti að gera mælingar á straumhraða, ölduhæð og setburð í sjó í mismunandi fjarlægð frá ströndinni yfir lengri tíma (nokkra mánuði / eitt ár). Svo ætti að bera mælingarnar saman með tölvulíkani (t.d. Delft3D eða sambærilegu) sem hermir eftir straumhraða, öldum og setflutningum. Keyra ætti tölvulíkanið yfir lengra tímabil (nokkur ár) til þess að geta metið langtímabreytingar, þ.m.t. mögulega útskolun beggja megin varnargarðs þar sem straumhraðinn eykst, sandsöfnun og myndun tanga við bryggju, og mögulegt strandrof fjarri framkvæmdasvæðinu.

Bera má saman hönnunarvalkosti bryggjunnar (bryggja á staurum alla leið, eða grjótgarð fyrstu 900 m), þó búast má við að setflutningur með ströndinni sé óhindraður og sandsöfnun minni ef

bryggja verði á staurum alla leið. Rask á ströndinni væri einnig minna ef ekki þyrfti að byggja hafnargarða fyrir vinnubáta.

Einnig má bera saman hönnunarvalkosti á varnargarð, þó búast má við að tiltölulega beinn varnargarður sem er ótengdur við bryggju hafi minni áhrif á strauma en L-laga varnargarður. Skoða þarf áhrif gerð varnargarðs (grjótgarð eða úr steiptum einingum) á öldur, endurkast alnda og útskolun á hafsbotni sem gæti haft áhrif á endingu varnargarðs sem og siglingaöryggi.

Lífriki í ferskvatni

Mikilvægt er að við þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru, verði ekki röskun á lífríki vatnsfalla á svæðinu. Helstu áhrifin sem kunna að koma fram eru skerðing á vatnsgæðum vatnsfalla sem valdið getur neikvæðum áhrifum á vatnalíf. Hvort sem um ræðir efnistöku úr námu, vegagerð þar sem vatnsföll verða þveruð eða hafnargerð þarf að skoða hvort um einhvers konar röskun verði að ræða í þeim vatnsföllum sem eru á svæðinu og kunna að valda neikvæðum áhrifum á vatnalífriki og fiskstofna. Þó svo að ekki liggi fyrir nákvæmar upplýsingar um afmörkun og staðsetningu efnistöku er ljóst að efnistakan er mjög umfangsmikil og hún kann að snerta vatnshlot a.m.k. Blautukvíslar, Dýralækja, Utari-Kælis og Austari-Kælis/Landbrotsár. Sé um það að ræða er hér lagt til að unnið verði að því að afla grunnupplýsinga um lífríki ofangreindra vatnshlota, þannig að grunnur verði lagður að frekara mati á áhrifum framkvæmda á vatnalífrikinu.

Ekki er gert ráð fyrir því í matsáætluninni að afla gagna um útbreiðslu ferskvatnsfiska á framkvæmdasvæðinu. Nánast engar upplýsingar liggja fyrir um þann þátt í vatnsföllum á áhrifasvæði framkvæmdanna. Hafrannsóknastofnun telur að afla þurfi grunnupplýsinga með rannsóknum s.s. með hefðbundnum seiðarannsóknum áður en hægt er að meta áhrif.

Þó svo að umhverfismat á efnisnámi á Mýrdalssandi hafi þegar farið fram voru ekki metnar líkur á því að vatnshlot á svæðinu féllu um ástandsflokk vegna framkvæmdanna. Í ljósi þess að þetta er tengd framkvæmt ráðleggur Hafrannsóknastofnun frekari umfjöllun um þennan þátt.

Botndýrasamfélög


Lagt er til í áætlun að greina botndýrasamfélög á framkvæmdarsvæðinu. Hafrannsóknastofnun telur æskilegt að svæði sem lenda undir og við fyrirhugaðan brimvarnargarð séu mynduð og búsvæði og botndýralíf metið.

Fiskasamfélög


Til eru upplýsingar um fiskasamfélög úr bjálkatrollsannsóknum, um 20 km vestan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Þær eru nokkuð dýpra en fyrirhugað framkvæmdarsvæði, sem er einkum grynnra en 20 m. Mjög þarft væri að kortleggja það fiskalíf sem þarna er að finna, bæði botnfiska auk sjógöngufiska. Suðurströndin öll er mikilvæg botnfiskum á borð við þorsk yfir hrygningartíman og fleiri tegunda fiskungviðis yfir sumar og haust.

Loðna

Á fyrirhuguðu framkvæmdar- og hafnarmannvirkja svæðinu fer loðna um í hrygningargöngu sinni suður af landinu. Það má meðal annars sjá út frá staðsetningu nótaveiða loðnuveiðiflotans (mynd 1). Þess má geta að mynd 4.2. í skýrslu Framkvæmdaraðila sem tekin er frá Hafsja Hafrannsóknastofnunar sýnir ekki ennþá staðsetningu þeirra veiða. Samkvæmt þessu fer hrygningarganga loðnu um þetta svæði á tímabilinu febrúar til mars og eins er ekki útilokað að hrygning loðnu eigi sér stað þar líka miðað við fyrri rannsóknir (mynd 2). Framkvæmdaraðili nefnir ekki þessa þætti í matsáætluninni. Munu fyrirhugaðar framkvæmdir, á framkvæmdatíma eða að honum loknum, mögulega hafa neikvæð áhrif á göngur loðnu þarna eða hrygningu hennar? Þarf að taka tillit til loðnu á framkvæmdatíma eða eftir hann með dýpkun hafnarinnar, og þá á hvaða tíma árs slíkar framkvæmdir séu gerðar? Umhverfismat þarf að svara þessu og matsáætlun að taka tillit til þessara þátta.



Mynd 1. Staðsetning loðnuveiða með nót suðaustur af Íslandi samkvæmt aflagrunni Fiskistofu, dýptarlínur fyrir 20 m (gráa), 50 m (blá) og 75 m (græn) eru einnig sýndar.



Mynd 2. Kort frá Kjartani Thors (1981) (Environmental Features of the Capelin Spawning Grounds South of Iceland. Rit Fiskideildar 6 (1): 7-13) sem sýnir staðsetningar botnsýnatöku sunnan og vestan við Ísland veturinn 1979 þar sem svartir punktar sýna staði þar sem loðnuegg fundust.

Selir

Við suðurströnd Íslands eru mikilvæg landsels- og útselssvæði. Hafrannsóknastofnun hefur safnað gögnum fyrir landsel á háraskiptatímabilinu júlí-ágúst og fyrir útsel á kæpingartímabilinu í október. Þau gögn sýna m.a. að:

- landselur notar fjöruna við Kúðafliót mikið við háraskipti (40-132 selir taldir á seinustu árunum) og eins á svæðum þar í kring. Við Skaftárós til austurs er einnig mikilvægt sellátur, sem og við Kúðafliót.
- Í Örafum er eitt mikilvægasta útselskæpingarsvæðið. Hann kæpir mest við Núpsvötn, Hvalsýki, Svínafjöru og í Skaftsfellsfjöru.


Á öðrum tíma árs eru hinsvegar litlar upplýsingar til um útbreiðslu sela, og þar á meðal á svæðinu við Alviðruhamra. Það verður að ætla að selirnir noti stærra svæði heldur en nákvæmlega þar sem látrín eru. Það er því mikilvægt að kortleggja og meta útbreiðslu landsels og útsels við Alviðruhamra yfir allt árið svo meta megi áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á seli.

Hér er rétt að horfa til þess að landselsstofninn er lítill um þessar mundir og hefur Hafrannsóknastofnun af þeim sökum lagt til að beinar veiðar á landsel verði takmarkaðar til að stuðla að því að stofnstærð nái aftur stjórnunarmarkmiðum stjórnvalda (<https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/radgjof-landselur20201286027.pdf>). Útselsstofninn hefur einnig verið lítill undanfarna tvo áratugi þótt nýjustu talningar gefi vísbendingu um að hann sé mögulega á uppleið (https://www.hafogvatn.is/static/extras/images/utselur_20191125514.pdf).

Framtíðarvöktun – áhætta

Miklar breytingar verða á svæðinu og því er einnig nauðsynlegt að vakta þær ef af framkvæmdum verður. Í því ljósi þarf að leggja sérstaka áherslu á að vakta svæðið uppá ágengar framandi tegundir sem geta borist með kjölfestuvatni og/eða festa sig utaná skipin. Ennfremur og ekki síður mikilvægt er að vekja athygli Umhverfis- og orkustofnunar og þeirra stofnana sem sinna eftirliti skipa á þeirri hættu sem höfn með eins umfangsmiklum flutningum á þessum stað skapar varðandi mögulegan innflutning ágengra framandi lífvera í sjó.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna,



Jónas Páll Jónasson, sviðsstjóri botnsjávarsviðs

Vikurflutningar frá Mýrdalssandi til Evrópu án snertingar við Þjóðveg 1.

Öðruvísi hugsun.

Í styttesta mögulega máli er framkvæmdin sú að fara beinustu leiðina frá vinnslusvæðinu um veggöng undir Þjóðveg 1 nálægt Hjörleifshöfða og til sjávar að mannvirki sem ég nefni hér brúarhví. Þegar eitthver hlutur er ekki til svo vitað sé er ekki heldur til nafn sem lýsir honum.

Úti fyrir ströndinni í námunda við Hjörleifshöfða þar sem vænlegt dýpi fæst næst landi verði byggð nokkurskonar hví (kassalagað djúpt U) opið inní U-ið verði V lagað þar inn siglir stórt flutningaskip og er þá komið í skjól fyrir veðrum og sjógangi. Til þess að hvíin safni ekki sandi inn í sig verði botninn/endinn í U laga formi hvíarinnar (sem þá snýr að stefni skipsins) ekki tengt hafsbotninum heldur í heppilegri hæð frá botninum til þess að hafstraumurinn geti hreinsað botn hvíarinnar. Áríðandi er að hvíin snúi þannig að innsigling sé með hliðsjón af ríkjandi vindátt og straumum.

Venjubundin tveggja akreina brú er svo byggð frá landi að hvínni, (hvort heldur sem hún komi fyrst og svo hvíin). Við hönnun brúarinnar þarf að gera ráð fyrir möguleikum á að í nægjanlegri hæð yfir brúargólfinu sé hægt að koma fyrir lokuðu afkastamiklu færibandi ef sú leið til að ferma skipið þætti vænlegri.

Frá vinnslusvæðinu væri mögulegt að endurbyggja gamla Hjörleifshöfðaveginni niður að Þjóðvegi 1 og gera tímabundna bugt á Þjóðveginni á meðan undirgöngin eru grafin í sandinn og steyppt upp.

Kostirnir fyrir sveitarfélagið umfram landflutningana til Þorlákshafnar.

Öll störf tengd útflutningsverkefninu á vikri væru innan sveitarfélagsins.

Með aðstöðu fyrir skipakomur og önnur minni sjóför eru veiðar og vinnsla ný möguleg sýn á þessu stóra landsvæði. Það verður mikið viðlegu pláss á þrjá vegu utan á brúarhvínni auk þess er oft mikið pláss inni í hvínni á milli vikurflutninga þaðan.

Koma skemmtiferðaskipa væri eitt af því sem gæti verið mögulegt að þau hefðu viðkomu í hvínni sem þá kallar á að hópferðabílar séu til staðar.

Ýmiskonar siglingar með ferðamenn meðal annars til að fá annað sjónarhorn á þekktu staði sem fólk hefur bara séð frá landi.

Frá svæðinu við Hjörleifshöfða er því sem næst jafn langt til Vestmannaeyja og ef farið væri þangað frá Þorlákshöfn.

Áburðarflutningar til þessarar blómlegu byggðar gætu farið um brúarhvína sem aftur sparar mikla landflutninga og þekkt vandamál þeim tengt.

Þýska fyrirtækið EP Power Minerals, hefur í upphafi fyrirhugaðra framkvæmda tvö tromp á hendi en gæti misst þau bæði.

Annars vegar að útvega sementsiðnaðinum íblöndunarefni frá Mýrdalssandi sem kemur í stað efna sem gera sama gagn en vinnsla þeirra er mjög mengandi fyrir andrúmsloftið reyndar svo mjög mengandi að akstur 30 flutningabíla sem hver um sig ekur 1020 km. á sólarhring í 280 daga á ári hér á Íslandi með allri sinni mengun mun samt stórlaga kolefnaspor sementsiðnaðarins í Evrópu og mögulega N-Ameríku.

En því ekki að lágmarka strax í upphafi kolefnaspor vikursins sem íböndunarefnis með því að aka honum ca. 4. kílómetra frá Þjóðvegi til sjávar innan sveitar í stað 170 km. til Þorlákshafnar, er þarna blinda auganu beint að útreikningum um útblástur. Þarna er hægt að missa eitt af tveimur trompum sem þessir annars vel hugsandi eigendur fyrirtæki hafa á hendi sér.

Hitt trompið er vinnsla vikursins þannig að hann verði íblöndunar hæf vara.

Hvers vegna er það ekki gert með grænni orku í Mýrdalshreppi. Margir úti í heimi myndu gjarnan vilja skreyta sig með þeirri vottun á framleiðslu sína, sérstaklega núna þegar orkuskortur er framtíðar viðfangsefni Evrópu allrar og verðið á raforku

í hæstu hæðum. Ef vikurinn verður fluttur út sem óunnið hráefni þá er seinna trompið fyrir bí.

Hvernig peningar sparast og geta mætt kostnaði við byggingu brúarhvíar.

Eftir að flutningabílarnir eru komnir á þjóðveginn eru 170 km. til Þorlákshafnar, en þegar bílarnir fara undir þjóðveginn til strandarinnar eru ca.4 km. Þarna gætu sparast um 26 flutningabílar af þeim 30 sem gert er ráð fyrir að þurfi þegar allt er komið vel í gang til framtíðar. Hver bíll fer 3. ferðir á sólarhring samtals 340 km. báðar leiðir í hvorri ferð í 280 daga á ári. Á þriggja ára fresti er hver bíll ekinn um 860,000 km. og þarf þá í síðasta lagi að endurnýjast ef hann á að vera söluvara þó svo að vagninn endist eitthvað lengur.

Hver flutningabíll ásamt 3. öxla vagni notar 22 hjólbarða sem endast +/- 110 ,000 km. Á 3. ára líftíma bílsins þarf af skipta 7 sinnum um dekkjaganginn sem gera 154 hjólbarða fyrir hvern bíl eða 4004 hjólbarða fyrir 26 bíla á 3. árum.

Gert er ráð fyrir þrískiptum vöktum og nálægt einni ferð á hvora vakt sem sparar 3. starfsmenn á hvern bíl alls 78 bílstjóra eða verulega hlutdeild í þeim og starfsmannaaðstöðu fyrir þá. Svo er allt annað eftir eins og eldsneyti, tryggingar, bifreiðagjöld, skoðunargjöld, smurþjónusta og fl. Því næst er þetta hitt sem erfiðara er að festa hönd á eins og umferðarleg áhætta og leiðindi, svifrik, kolefni og ásýndarömurð fyrir þá hina alla sem ætluðu að njóta eigin ferðalags.

Í kaflanum hér að ofan eru ýmsar tölur byggðar á umhverfismatsskýrslu Eflu, td. bls. 41. Gagnlegt væri ef einhverjir sem lesa þetta og hafa aðgang að þeim peningalegu upphæðum sem þarf til að reikna hvern kostnaðarlið þannig að sparnaðurinn til ákveðið margra ára komi fram sem áætluð tala.

Annað hagræði sem hlýst af brúarhví.

Þegar akstursleið með vikur er orðin svona stutt þá er minni ástæða til að haugsetja fyrirfram allt það magn sem fer í næsta skip vegna þess að jafnóðum er hægt að flytja hluta farmsins. Í Þorlákshafnar tilvikinu er sama vikrinum ekið tvisvar.

Haugsetning vikurs í námunda við Hjörleifshöfða er allt önnur og einfaldari framkvæmd heldur en í jaðri þéttbýlis, sá vikur sem fýkur hann fer bara heim.

Ef ofangreindar hugmyndir að lausn á flutningi vikurs frá Íslandi verða að veruleika þá malar það andlegt gull fyrir umhverfið og ásýnd suðurlands í samanburði við þau áform sem uppi eru .

Bestu kveðjur. Búðardal 31. ágúst 2022.

Svavar Garðarsson

Búðardal.



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Vík, 16. apríl 2025

Efni: Umsögn Mýrdalshrepps við matsáætlun vegna bryggju við Alviðruhamra

Matsáætlun vegna bryggju við Alviðruhamra á austanverðum Mýrdalssandi var birt í skipulagsgátt þann 18. mars 2025.

Framkvæmdin gerir ráð fyrir því að vikur frá efnistökusvæði á Háöldu við Hafursey verði fluttur að bryggju við Alviðruhamra. Efnistökusvæðið er á aðalskipulagi Mýrdalshrepps en ekki hefur verið gefið út framkvæmdaleyfi fyrir námuvinnslu.

Mýrdalshreppur telur að sú útfærsla sem lögð er til í matsáætluninni sé mun betri en umfangsmiklir flutningar á vikri eftir þjóðvegi 1 til Þorlákshafnar eins og fyrst var gert ráð fyrir.

Sveitarfélagið hefur áður skilað umsögn við umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku á Mýrdalssandi dags. 02.08.2022. Með hliðsjón af þeirri umsögn leggur sveitarfélagið áherslu á að jákvæð samfélagsleg áhrif vegi upp á móti þeim umhverfisáhrifum sem framkvæmdin hefur í för með sér. Þar sem námustarfsemin felur í sér veruleg inngrip í umhverfið, telur sveitarfélagið brýnt að við umhverfismat verði einnig framkvæmd ítarleg greining á samfélagslegum áhrifum. Sérstaklega þarf að gera skýra grein fyrir því hvers konar störf skapast, hve mörg þau verða og hvort um verði að ræða heilsársstörf, með hliðsjón af fyrirhuguðum vinnslutíma námunnar.

Mýrdalshreppur leggur áherslu á að framkvæmdaaðili vinni náið með sveitarfélaginu að því að móta framtíðarsýn um samfélagslegan ávinning framkvæmdarinnar. Í þeirri vinnu verði metið hvernig tryggja megi að störf og tekjur skili sér í heimabyggð, s.s. með staðsetningu þjónustu og búsetu starfsfólks.

Sveitarfélagið leggur einnig áherslu á að vandað verði til við mat á sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar, einkum með tilliti til framtíðarsýn sveitarfélagsins um þróun ferðaþjónustu og útivistar.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi



Rekaviður á fjörunni neðan við Alviðruhamra. Ljós. Eldvötn

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

sent inn gegnum skipulagsgátt

Skaftárhreppi, 14. apríl 2025

Varðar: Matsáætlun vegna bryggju við Alviðruhamra í Álftaveri, Skaftárhreppi. Mál nr. 307/2025

Stjórn Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi hefur kynnt sér matsáætlun vegna hugmynda um bryggju við Alviðruhamra. Starfssvæði samtakanna er, eins og nafnið gefur til kynna, Skaftárhreppur. Markmið samtakanna er að vera málsvari umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða fyrst og fremst, m.a. með því að veita stjórnvöldum og framkvæmdaaðilum gagnrýnið aðhald, en einnig að efla vitund almennings um gildi náttúrunnar, umhverfismál og náttúruvernd. Samtökin hafa verið starfandi í héraðinu í hálfan annan áratug og verið mjög virk. Stjórn Eldvatna hefur kynnt sér matsáætlun þá er tiltekin er hér að ofan og auglýst er á heimasíðu Skipulagsstofnunar með athugasemdafrest til 16. apríl. Eftirfarandi eru athugasemdir samtakanna.

Hugtakið „framkvæmd“ í umhverfismati

Fyrirtækið EP Power Minerals Iceland ehf. (EPPM), sem er í raunverulegri eigu tékkneska auðkýfingsins Daniel Kretinský skv. Fyrirtækjaskrá, hefur látið vinna fyrir sig matsáætlun vegna hugmynda um bryggju við Alviðruhamra í Skaftárhreppi. Forsaga málsins er sú að haustið 2021 var auglýst tillaga að

matsáætlun vegna efnistöku á Mýrdalssandi, og lauk því ferli með [endanlegri matsskýrslu](#) og [álit](#) [Skipulagsstofnunar](#) dags. 6. júní 2023. Í álitinu segir að Skipulagsstofnun „telji að neikvæðustu áhrif framkvæmdanna felist í efnisflutningum og áhrifum þeirra á umferð og umferðarmannvirki [...]“ og lokaniðurstaðan er að „með hliðsjón af hve umfangsmikið áhrifasvæði framkvæmdarinnar er, hve margir verða

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

fyrir áhrifum og langs tíma sem áhrifin koma til með að vara telur Skipulagsstofnun að heildaráhrif framkvæmdarinnar verði verulega neikvæð.“

Þessi niðurstaða leiddi til þess að forsvarsmenn EPPM fóru að skoða möguleika á lestun vikursins beint í skip við Suðurströndina, og hefur það nú leitt til matsáætlunar þeirrar sem hér er til umfjöllunar.

Hugmyndin um að flytja efnið frá Hafursey að Alviðruhömrum og skipa því þar út, með tilheyrandi uppbyggingu vega og hafnarmannvirkja, er s.s. til komin sem viðbragð við neikvæðu álitni Skipulagsstofnunar vegna flutningshugmynda í umhverfismatinu frá 2023. Því telja Eldvötn óskiljanlegt að ný matsáætlun sé nú birt vegna hluta fyrrgreindra framkvæmda eingöngu, í stað þess að uppfæra hina fyrri, þar sem námuvinnslan öll og útflutningurinn – sem eru órofa heild – ber að meta í samhengi, sem eina framkvæmd.

Með öllu er óheimilt að skipta framkvæmd upp með þeim hætti sem gert er í matsáætluninni og meta aðeins hluta hennar. Skal það rökstutt hér.

Markmið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er m.a., sbr. a-lið 1. mgr. 1. gr. þeirra, „sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati **framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif**“ (leturbreyting er okkar). Skilgreining framkvæmdar sem fram kemur í 3. gr. laganna styður ekki frekar en markmiðsákvæðið eða önnur gögn, þar með talið túlkun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og Evróputilskipanir sem íslensk lög eru innleiðing á, þá niðurstöðu að heimilt sé að meta umhverfisáhrif hluta framkvæmdar.

Nefna má úrskurði ÚUA í máli nr. 60/2015 (Kerlingarfjöll) þar sem áfangaskipting umhverfismats var úrskurðuð ógild og máli nr. 83/2015 (Kjalvegur) þar sem forsendur úrskurðarnefndarinnar voru að heildarmat á framkvæmd hefði átt að fara fram. Sama niðurstaða verður dregin af ákvæðum Viðauka IV, b-liðar 1. mgr. tilskipunar 2011/92/ESB eins og henni var breytt með tilskipun 2014/52/ESB sem bindandi er fyrir íslensk stjórnvöld, en þar segir að upplýsingar sem koma skulu fram í umhverfismati framkvæmdar séu: „b) lýsing á efnislegum eiginleikum **allrar framkvæmdarinnar**, [...]“ (leturbreyting er okkar)

Til hliðsjónar er einnig vísað til viðmiðana við mat á framkvæmdum, sem fram koma í 1. lið, um eðli framkvæmdar, í 2. viðauka laganna, þar sem segir að athuga þurfi eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til: „i. stærðar, hönnunar og umfangs framkvæmdarinnar í heild, ii. samlegðar með öðrum framkvæmdum“, en ekki hluta hennar (e. project splitting).

Hér hefur hins vegar einungis verið lagður fram til mats hluti stærri framkvæmdar, sem Eldvötn benda á að samræmist ekki lögum. Að mati samtakanna ber að bæta þar úr; fella áætlun um flutning vikurs frá Hafursey að Alviðruhömrum og útflutnings hans þaðan, með öllu tilheyrandi, inn í mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku á Mýrdalssandi og meta hina nýju útfærslu þeirrar framkvæmdar heildstætt.

Umhverfismat valkosta í skipulagi

Stigskipt mat ber skv. lögum að vinna í rétttri röð. Skylda til samanburðar valkosta er rík á áætlanastigi sbr. c-liður 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, er í gildi voru er núgildandi aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 var staðfest 21. nóvember 2011, og 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sambærileg lagagrein, um skyldu til samanburðar valkosta á áætlanastigi, er að finna í núgildandi lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. c-lið 1. mgr. 14. gr. þeirra.

Endurskoðun aðalskipulags hreppsins hefur dregist á langinn, en í [skipulagstillögu þeirri er verið hefur til auglýsingar](#) og nú er í vinnslu hjá Skipulagsstofnun er minnst á hugmynd um útflutningshöfn við Alviðruhamra.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

„Enn sé margt óljóst um endanlega útfærslu en Skaftárhreppur telji þetta áhugaverða framkvæmd og sé fylgjandi því að þessi valkostur sé rannsakaður frekar og þróaður áfram af framkvæmdaraðila.“

Eldvötn gerðu athugasemd við þessa klausu í [umsögn sinni við endurtekna kynningu aðalskipulagstillögunnar á vinnslustigi](#) á ágúst 2024 og bentu á að að mati samtakanna ætti hugmynd á því stigi sem þar er lýst ekkert erindi inn í greinargerð aðalskipulagstillögu, en bókun í fundargerð sveitarstjórnar væri betur við hæfi á því stigi máls.

Eldvötn benda á að sveitarstjórninni ber skylda til að kanna afstöðu íbúa sveitarfélagsins til viðkomandi framkvæmdar og vinna málið út frá henni. Hún ætti að boða til kynningarfundar og kanna áhugann. Reynist hann vera til staðar sé hægt að fara í greiningu valkosta, sem nýst geti við mögulega skipulagsgerð, komi til hennar. Samtökin hafa verið óþreytandi við að benda á að aðalskipulag er stefnumótun er lýsa skal vilja íbúa til landnotkunar. Sá grunnur verður að vera fyrir hendi.

Enginn slíkur samanburður hefur verið gerður vegna hugmyndar um bryggju við Alviðruhamra, með það að meintu markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í Evrópu, sbr. næsta kafla. Óheimilt er að lögum að láta slíkan samanburð valkosta á áætlanstigi undir höfuð leggjast og byggir því tillaga framkvæmdaraðila nú á grunni sem verulegum annmörkum er háður að því er varðar mat á valkostum.

Umhverfismat framkvæmdar getur ekki komið í stað umhverfismats áætlana, enda er að hluta um mismunandi tilgang þessara tveggja umhverfismata að ræða. Að mati Eldvatna ætti Skipulagsstofnun að hafna tillögunni sbr. 24. gr. laga nr. 111/2021 af þessum sökum.

Markmið framkvæmdarinnar

Í inngangi matsáætlunarinnar á bls. 9 stendur að „til standi að nota efnið til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda við sementsframleiðslu á meginlandi Evrópu, en líkt og fjallað hafi verið um í umhverfismatinu [frá júní 2023] fylgi sementsframleiðslu mjög mikil koldíoxíðslosun og áætlað að hún beri ábyrgð á um 8% af allri koldíoxíðslosun af manna völdum í heiminum“.

Eldvötn benda á að niðurstöðu umsagnar [Umhverfisstofnunar \(UST\), \(nú Umhverfis- og orkustofnunar\), um hina fyrri umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila](#), „Efnistaka á Mýrdalssandi“ 2023, segi að „efnið geti virkað sem óbrennt íblöndunarefni í sementsgjall en nokkuð vel sé í lagt að fullyrða að verkefnið snúist um að „minnka kolefnislosun“ eins og það sé orðað í skýrslunni [...] þar sem verkefnið snúi ekki að því að minnka losun heldur fremur að viðhalda núverandi losun frá sementsframleiðslu sem á sama tíma eykur losun á Íslandi“.

Stofnunin benti einnig á að vinnsla á nýju efni til íblöndunar væri ekki til þess fallið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og færði fyrir því skýr rök með útreikningum. Áhersla skuli vera á hringrásarhagkerfið, þ.e. að nýta úrgang sem til fellur. Þá myndi vinnslan og flutningur vikursins hafa mjög neikvæð áhrif á losun Íslands og þar með möguleikann á að ná [lögfestu markmiði sínu um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040](#). Umhverfisstofnun benti á að mat á neikvæðum áhrifum á skuldbindingar Íslands og markmið skorti.

Eldvötn benda á að til að gefa skýra mynd af raunverulegri losun gera verður grein fyrir útreikningi á ferlinu öllu. Inn í útreikninginn þarf að taka allt sem málið varðar, sbr. sundurliðun í fyrrnefndri umsögn UST frá 2023.

Að þessu sögðu telja Eldvötn allar áætlánir um að flytja losun gróðurhúsalofttegunda vegna umræddrar sementsframleiðslu á meginlandi Evrópu til Íslands fráleita.

Eldvötn benda sérstaklega á, sbr. framansagt, að mismunandi leiðir að markmiði framkvæmdar ber að gera valkostagreiningu á, en ekki einungis greiningu á mismunandi útfærslu valkosta við tiltekna framkvæmd.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Umfang framkvæmdarinnar

Eins og skýrt hefur verið rakið hér að framan telja Eldvötn það brjóta gegn lögum að hluta framkvæmd niður í fleiri en eitt umhverfismat eins og hér er raunin. Eins benda samtökin á að skýrt þarf að koma fram hver endanleg stærð heildarframkvæmdarinnar er; efnistakan austan Hafurseyjar, flutningurinn og hafnar-/bryggjumannvirkin. Samtökin telja ljóst að það magn vikurs sem framkvæmdaraðilar hafa hugmynd um að moka upp og flytja úr landi er svo sturlað að afar erfitt er að gera sér hana í hugarlund og setja í samhengi. Eldvötn mælast til þess að umfangið; samanlagt rúmmál þeirra jarðefna sem ætlunin er að a) flytja út, og b) nota í vegagerð, grjótgarda og önnur mannvirki – sem og heildar flatarmál þess svæðis sem undirlagt verður vegna verkefnisins, sé sett í samhengi við þekktar stærðir í héraði. Hve margar Hafurseyjar t.a.m.? Hve margir Systrastapar?

Í beinu samhengi benda Eldvötn á að fyrirsögn matsáætlunarinnar sem nú er í auglýsingu, „Bryggja við Alviðruhamra“, mjög villandi, þar sem umfang framkvæmdarinnar er langtum meira en hún gefur til kynna.

Síkvik náttúra Eldsveitanna

Þá að náttúrufarslegum þáttum. Eitt er það sem öðru tekur fram við lestur matsáætlunarinnar. Það er skortur á skilningi á hinum mjög svo virku ferlum síkvikrar náttúru Eldsveitanna. Óvíða, ef nokkurs staðar, eru ferlar náttúrunnar svo bersýnilegir sem hér í Skaftafellssýslum þar sem jökulvötnin streyma frá heimum elds og ísa, byggja upp landið þar sem þau renna um víðfeðm, ung hraunin og önnur jarðlög til sjávar, þangað sem þau skila af sér seti og næringarefnum. Eldvötn benda á að Mýrdalssandur og fjörunnar undan honum eiga sinn sérstæða sess sem hluti þessarar merku heildar. Í henni – án inngripa af ágengri nýtingu af þeirri stærðargráðu sem umrædd námuvinnsla, flutningsleið á landi, geymslsvæði og útskipunarhöfn myndu vera – er mikið verðmæti fólgið.

Náttúruvá og fok

Eldvötn telja mjög athugunar vert að í matsáætluninni er einungis lítillega minnst á Kötluhlaup og hvergi á Kötlugos annars staðar en þar sem vísað er í Eldgjárgosið sem uppruna bergs sem framkvæmdaraðilar hafa hug á að ýmist þvera með flutningsleið eða nýta beint. Þetta benda Eldvötn á að er í besta falli sérstakt þegar stórframkvæmd á svo miklu náttúruhamfarasvæði á í hlut. Vissulega náði Kötluhlaupið sjálft ekki að Alviðruhömrundum haustið 1918, en hamfarirnar verða slíkar á bæði efnistökusvæðinu við Háöldu og flutningsleiðinni niður að fjöru að óhjákvæmilegt er annað en að skoða umbrot í Kötlu og áhrif þeirra og afleiðingar gaumgæfilega, og þá sér í lagi áhrif stórra Kötluhlaupa og þá umbyltingu sem þau valda. Dæmi eru um að stórhlaup hafi skilið eftir mikla hryggi úr ís og aur á sandinum, jökulvötnin flytjist í nýja farvegi og að hamfarasvæðið sé illfært lengi á eftir. Sérstök athygli er vakin á því að hlaupið er ekki eingöngu vatn, heldur blanda af vatni, ísstykkjum, krapu og föstu efni (ösku, vikri, bergbrotum og jökulaur) og hafa jafnvel rifið með sér heilu hlíðarnar. Slík hlaup setja af sér mikið efni, og meðal langtímaáhrifa eru aukinn setflutningur vatnsfalla á Mýrdalssandi til sjávar árin á eftir ([Guðrún Larsen, 2108](#))

Framkvæmdaraðilar þurfa að spyrja sig þeirrar spurningar hvert þetta set svo fer, en Eldvötn benda á að frá landnámi fyrir um 1150 árum síðan hafa landsmenn aldrei upplifað svo langt goshlé frá Kötluöskjunni. Af því leiðir að útilokað er fyrir okkur sem nú lifum að hafa almennilegan skilning á þessum ógnarkröftum náttúrunnar.

Þá benda samtökin á að hæpið er að skoða þessi atriði eingöngu út frá atburðinum 1918; líta verður til áhrifa annarra og fleiri þekktra stórra Kötluhlaupa á liðnum öldum.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Í matsáætluninni segir réttilega að sjávarstraumar séu ríkjandi til austurs. Því hlýtur að þurfa að gera ráð fyrir að það set sem jökulvötnin bera til sjávar árin og áratugina eftir gos leiti að m.a. Bólhrauna- og Þykkvabæjarklaustursfjöllum, við Alviðruhamra. Þetta benda Eldvötn á að þarfnast athygli framkvæmdaraðila, og spyrja sig um leið hvaða forsendur danskt ráðgjafafyrirtæki hefur til til að áætla framvindu hinna miklu setflutninga árin og áratugina eftir Kötlugos, með þó fullri virðingu fyrir þeim og þeirra sérþekkingu almennt.

Eldvötn benda á að skv. skýrslu Vegagerðarinnar, Strandlínubreytingar á Suðausturlandi frá 1903 til 1921, hafa athuganir á strandlínunni á milli ósa Dýralækja og Kúðaflijóts sýnt að nokkuð bættist við sandinn frá upphafi síðustu aldar fram á hana miðja. Síðan hefur hún verið nokkuð stöðug, en mesti munurinn, á nyrstu stöðu 1928 og syðstu stöðu 2007, var 520 m, sem mun þykja nokkuð mikil breyting. Í þessu samhengi má einnig nefna að afar mismunandi er frá einum tíma til annars hve hátt upp að Alviðruhömrinum fjörusandurinn liggur, sem bendir til nokkurrar hreyfingar. Einnig benda Eldvötn á ástæðu til að gera rannsóknir á ölduhæð og taka sérstakt tillit til stórstraumsfjöru.

Þá eru öskufall annars vegar og svo fok fínefna (silts) ótalin. Eldri Skaftfellingar geta allir vitnað um hið mikla fok leirs og ösku sem ríkjandi var mjög langt fram eftir síðustu öld, þegar fíngerðasta efninu eftir Kötluhlaupið 1918 var að blása burt. Undanfarna áratugi hefur leir Skaftárhlaupa, og nú síðast Leirárhlaupa, valdið nógu mikilli svifryksmengun, og er þar um bæjarlæki að ræða í samanburði við stórhlaup frá Kötl.

Utan stóratburða á borð við eldgos og jökulhlaup ber til þess að líta að ösku-, leir- og sandfok eru daglegt brauð á svæðinu. Þá vilja sandstormar verða „algjört helvíti“ eins og ágætur fyrrum íbúi orðaði það svo skýrt nýlega, en fólk hvorki nær andanum eða sér út úr augum þegar mest gengur á. Til að hefta sandfokið hefur lúpína verið ræktuð meðfram þjóðveginum og sannarlega gert sitt gagn þar. Því er þó ekki að heilsa annars staðar á Mýrdalssandi, hvað þá heldur á fjörunni.

Eldvötn benda á að meta þarf áhrif sand- og leirfoks m.t.t. kornastærðar og gerðar; bæði við núverandi aðstæður og eftir Kötluhlaup að því marki sem kostur er.

Sem hluta af umfjöllun um náttúruvá telja Eldvötn einnig að gera þurfi raunhæfa áætlun um rýmingu vinnustaðarins ef til náttúruhamfara kemur, og líta m.a. til þess hvort og þá hvernig hún passar inn í fyrirliggjandi viðbragðsáætlun Almannavarna ríkislögreglustjóra.



Útsýni til Mýrdalsjökuls og Kötl frá Alviðruhömrum. Ljósmynd Eldvötn

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Náttúran „þar sem ekkert er“

Eldvötn benda á að á lista á bls. 44 yfir þá umhverfisþætti sem orðið geta fyrir áhrifum vantar að nefna votlendi, víðerni, setflutninga, aðrar menningarminjar en fornminjar, og ferðaþjónustu. Einnig laxfiska sem undirþátt lífríkis í sjó.

Skv. matsáætluninni er ætlun framkvæmdaraðila að þvera Mýrdalssand frá Háöldu um Bólhraun, m.a. gervigígasvæði, niður að Alviðruhömrum, þar sem sagt er koma til greina að taka grjót til framkvæmdarinnar. Eldvötn benda á að bæði Bólhraun og Alviðruhamrar eiga uppruna sinn í Eldgjárgosinu sem átti sér stað um 934 og skv. náttúruverndarlögum nr. 60/2013 njóta jarðminjar frá nútíma sérstakrar verndar, svo sem rakið er í næsta kafla.

Eldgjárgosið 934 er mesta hraungos sem orðið hefur á jörðinni á sögulegum tíma og gætir áhrifa þess víða í Skaftárhreppi. Um a.m.k. a.m.k. 70 km langa gossprungu í stefnunni SV-NA er að ræða, en vísbendingar eru um að hún sé enn lengri og nái jafnvel inn undir Vatnajökul, frá Kötlueldstöðinni undir Mýrdalsjökli þar sem hún á upptök sín. Þá stórkostlegu náttúrulegu ferla sem eldgosin eru hluti af benda Eldvötn á að ber að virða; bæði gagnvart jarðminjum og því sem ókomið er.

Höfundar matsáætlunar láta í veðri vaka að sökum þess að hraunin eru sandorpin sé verndargildi þeirra óverulegt. Eldvötn benda á að það er ekki þeirra að dæma, og þau setlög sem hraunin að hluta þekja eru sömuleiðis jarðminjar frá nútíma og órofa þáttur þeirra náttúrulegu ferla sem gerir þessa heild svo einstaka.

Eldvötn benda sömuleiðis á að þótt framkvæmdin nái ekki inn fyrir mörk hins friðlýsta náttúruminjasvæðis Álfaversgíga, sem friðlýst var sem náttúruvætti árið 1975, eru þeir gervigígar hluti stærri heildar sem gæti raskast. Samtökin benda á að í 54. gr. náttúruverndarlaga segir að „*ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfis skyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar [Náttúruverndarstofnunar] áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.*“

Fjörurnar sem um ræðir eru basaltsandur; hluti hinnar um 400 km löngu víðáttumiklu svörtu strandlengju með suðurströnd Íslands, lengst af hafnarlausri, þar sem víðsýnt er til fjalla og jökla, með Atlantshafið í suðri. Slíkur basaltsandur er talinn sérstakur í hnattrænu tilliti, en hann hefur byggst upp og viðhaldist af framburði jökulanna, þ.á.m. gríðarstórum jökulhlaupum frá eldstöðvunum í Mýrdalsjökli og Vatnajökli; hinni kraftmiklu og síkviku náttúru.

Eldvötn benda á að skoða þarf sérstöðu og verðmæti strandlengjunnar vel m.t.t. jarðfræði, lífríkis og landslags, í bæði innlendu og hnattrænu samhengi.

Eldvötn vekja athygli á því að aðstæður á fyrirhugaðri flutningsleið, m.a. staða grunnvatns, eiga vanda til að vera mismunandi eftir árstíðum og tíðarfari og þurfa rannsóknir að taka mið af því. Sér í lagi á það við ofan við ströndina, þar sem sandurinn á til að vera gegnsósa. Einnig eiga (jökul)vötnin sér sögu um að skipta um farvegi og flæmast um og ósar jökulvatnanna eru sem fyrr segir ekki á föstum punkti, heldur flytjast nokkuð til á ströndinni frá einum tíma til annars. Ber til þess að líta út í gegn að hér er um afar kvika náttúru að ræða, sem um margt er talin einstök.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Hvað **gróðurfar** snertir, þá segir á bls. 6 í matsáætluninni að „*stærstur hluti efnistökusvæðisins sé alveg gróðurlaus*“ [...] og á bls. 44 að „*stór hluti framkvæmdasvæðisins sé auður sandur eða sandorpið hraun þar sem gróður og fuglalíf[a] sé í lágmarki*“. Eldvötn benda á að þrátt fyrir mikla sandfláka, þá sé ekki hægt að segja að svæðið sé gróðurlaust. Ef betur er að gáð, þá er magnað að sjá lífið finna sér leið og gróðurinn vinna á; þá bæði hinn náttúrulega, sem og uppgræðsluhlutann, en mikið hefur áunnist í uppgræðslu sandsins á liðnum áratugum, og lúpínubreiður eru orðnar mjög grasi blandnar. Samtökin benda á að rannsaka þarf gróðurþekju svæðisins og mæla hana á faglegan hátt.

Í kafla um **fuglalíf** á sömu bls. segist framkvæmdaraðili hafa komist að þeirri niðurstöðu að „*heildaráhrif á fuglalíf séu óverulega neikvæð*“. Eldvötn benda á að rannsóknir þurfa að fara fram áður en slíku er slegið fram. Á áhrifasvæði framkvæmdarinnar er sannarlega að finna svæði þar sem kjörsvæði fugla.

Samtökin þekkja til þess að á Meðallandsfjörum, austan Kúðafljótsins, stoppa tugþúsundir vaðfugla í vor- og haustfari, og stór hluti gæsastofna flýgur þar um í fari. Mikill hluti gæsastofnanna stoppar lítið eða ekkert í Meðallandinu, en fer þar um við komu til landsins að vori og brottför að hausti. Þeirra á meðal eru blesgæsir, sem eru á valista og skilgreindar sem tegund í hættu. Þá er þar hópur gæsa í felli síðsumars. Eins hefur skúmavarp verið þétt á Meðallandsfjörum. Skúmurinn er í sögulegri lægð, en þarf sannarlega á búsvæði sínu að halda ef hann á að koma til baka. Þessar vísbendingar frá grannsvæðinu í austri telja Eldvötn ríka ástæðu til að líta til við rannsóknir á áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf.

Suðurströndin er mikilvæg farleið farfugla; aðkomu- og brottfararstaður þeirra, sem virða ber og taka sérstakt tillit til. Eldvötn velja því upp hvort rannsókn sem einungis nær yfir sumartímann nái að taka til alls þessa, og bendir á þörf fyrir að hún nái út yfir sumartíman. Eldvötn benda sérstaklega á að ef hugmyndir eru um framkvæmdir í grennd við votlendið að Mýrum, þá þarf að rannsaka það svæði sérstaklega m.t.t. fuglalífs.

Ós Kúðafljóts er meðal þeirra svæða sem tilnefnd voru til framkvæmdaáætlunar (B-hluta) náttúruminjaskrár af Náttúrufræðistofnun Íslands í nóvember 2020, til verndar landsel og/eða útsel, en meðal lögbundinna hlutverka stofnunarinnar er að velja svæði á framkvæmdaáætlunina. Tillagan rataði aldrei alla leið inn á Alþingi, en sýnir engu að síður skýrt mat sérfræðinga stofnunarinnar á mikilvægi svæðisins fyrir seli. Næstu svæði voru Þjórsá í vestri og Skeiðarársandur í austri.

Í matsáætluninni er því slegið föstu að framkvæmdirnar hafi ekki áhrif á Kúðafljótsósinn, þ.e. hann sé í 10 km fjarlægð. Eldvötn benda aftur á að það er ekki framkvæmdaraðila að ákveða, frekar en annað, auk þess sem ósinn á til að flæmast aðeins um og 10 km er því ekki föst tala. Rannsaka þarf hvort selirnir sem kæpa í ósinn verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Sem hluta af umhvefismati benda samtökin á að áriðandi er að rannsaka farleiðir sjávardýra og þau áhrif sem þau kunna að verða fyrir vegna m.a. rasks, hljóða og mögulegra breytinga á setflutningum með ströndinni. Hið sama gildir um sjóbirtinginn m.t.t. Kúðafljóts, en hann gengur upp fljótið til hrygningar. Að síðustu skal nefnt að meta þarf áhrif á lífríki á sjávarbotni, sem og á og við ströndina heilt yfir.

Þá vilja Eldvötn halda því til haga að **votlendið** við bæinn Mýrar í Álftaveri er meira umfangs en 2km², svo sem nefnt er í matsskýrslunni. Samtökin benda á að þ.a.l. njóta einnig þau sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga, sbr. umfjöllun um þau.

Lög um náttúruvernd

Markmið náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er, skv. 1. gr. þeirra, „*að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig*

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.“

Þá fjallar 3. greinin um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. „Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því:

- a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,*
- b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,*
- c. að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er,*
- d. að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,*
- e. að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.“*

Í 61. gr. laganna er svo fjallað um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.

Þar segir í 2. lið: „Eftirtalдар jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr.:

- a. eldvörp, eldhraun, gervíggar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma [...]*“

Í 3. Lið sömu greinar segir svo: „**Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem talðar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til.** [...] Ákveði leyfisveitandi að heimila framkvæmd skal hann rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega fari hún í bága við [umsagnir] umsagnaraðila. Heimilt er að binda leyfi skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.“

Leturbreyting er okkar.

Svæðið sem um ræðir snertir alla framannefnda liði lagagreinanna. Það hryggir Eldvötn að sjá að þótt réttilega sé minnst á vernd náttúruminja skv. 61. gr. náttúruverndarlaga í matsskýrslunni, þá virðist ekki svo á litið að hún sé nokkur fyrirstaða.

Nefna má [úrskurð ÚUA nr. 5/2023](#), þar sem framkvæmdaleyfi vegna 9,3 MW Hnútuverkjunnar í Hverfisfljóti var fellt úr gildi. Þar skorti að álitni úrskurðarnefndarinnar á að rökstuðningar sveitarstjórnar væri fullnægjandi um hvort brýna nauðsyn með vísan í 61. gr. náttúruverndarlaga bæri til hinnar kærðu framkvæmdar. Hvað þjóðfélagslegt mikilvægi aukinnar raforkuframleiðslu snerti, þá virtust slíkir hagsmunir geta haft nokkra en þó naumast afgerandi þýðingu við mat á brýnni nauðsyn skv. 61. gr. laga nr. 60/2013, en þá væri um leið eðlilegt að lagt yrði mat á það hversu hagkvæmur virkjanakostur Hverfisfljót við Hnútu væri og þá eftir því sem mögulegt er í samanburði við aðra möguleika eða valkosti á landsvísu.

Grjótgarður / höfn

Játast verður að Eldvötn hafa miklar efasemdir um raunhæfi þess að reisa grjótgarða við hin áformuðu bryggjumannvirki; annars vegar langsum með ströndinni a) til brimbrots og b) mögulega sem hluta vinnuhafnar til nota á framkvæmdatíma – og þá enn síður þvert á stefnu hennar sem hluta þeirra. Samtökin benda á að sýna þarf fram á rök fyrir því að þessi mannvirki geti reynst á annan hátt en hinir svokölluðu „sandfangarar“ á Víkurfjöru, sem eru tveir, reistir með það fyrir augum að draga að sér sand og stuðla þannig að útfærslu strandlínunnar, en þeir hafa reynst vonum framar. Eins telja samtökin ástæðu til að gerð sé grein fyrir því hvort og þá hvernig ætlunin er að standa að því að fjarlægja vinnuhöfnina að framkvæmdatíma loknum.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Eldvötn benda á að áhrif af setflutningum, m.a. í og í kjölfar jökulhlaupa á þessi mannvirki þarf sérstaklega að meta.

Framburður jökulvatnanna að Suðurströndinni og flutningur efnisins með ströndinni í framhaldinu eru einhverjir þeir mestu sem þekkjast, og hvergi annars staðar í heiminum eru því dæmi um efnisflutninga í einhverju samhengi við það sem þar eiga sér stað. Eldvötn benda á að skoða þarf hvort mannvirkin muni mögulega virka sem gildir á þá og trufla hina náttúrulegu ferla.

Í samhengi við það telja Eldvötn ástæðu til horfa til mögulegrar hættu á skipssköðum vegna á svæðinu vegna setsöfnunar. Sérstök athygli er vakin á því að fjörunar við Alviðruhamra eru líklega sá hluti strandlengjunnar umhverfis Ísland sem hvað lengst er frá sérhæfðu björgunarskipi og viðbragðsaðilum á sjó. Þess utan benda Eldvötn á að ástæða er til að gera grein fyrir viðbrögðum við mögulegum mengunarslysum.

Efnistaka og flutningur jarðefnis

Í matsáætluninni er æ ofan í æ talað um einungis sand og einsleitt svæði; jafnvel þannig að engu máli skipti hvar það sé þverað af flutningslínu, burtséð frá því að eiga kost á að taka sveigju um gervigiga ef flutningur eftir vegi verður fyrir valinu. Að mati Eldvatna bendir þetta til þess að þekkingu framkvæmdaraðila á staðhátum mætti bæta til muna. Þótt landið megi virðast einsleitt, þá er þar sitthvað að sjá ef betur er að gáð.

Eldvötn benda á að gera þarf skýrari grein fyrir staðsetningu áformaðra efnistökusvæða, og mögulegra flutningsleiða frá þeim niður að framkvæmdastað. Hnitsett kort væri til mikilla bóta. Samtökin telja raunar full marga þætti vera of óljósa enn til að tímabært hafi verið að auglýsa matsáætlun.

Sömuleiðis benda samtökin á að við rótið á efnistökusvæðinu, sem og í geymsluhaugum við ströndina, má gera ráð fyrir auknu ryk- og sandfoki, þ.e. það efni sem kemur upp hefur ekki áður hreinsað sig af þeim.

Hvað tæki til flutningsins varða benda Eldvötn á að skv. 3. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er einungis heimilt að tengja einn eftirvagn við bifreið. Slíkar vagnlestir sem hugmyndir hafa verið um eru skv. því óheimilar hérlandis.

Þá telja Eldvötn það sérstakrar skoðunar þurfa við hvort svo umfangsmiklir aðflutningar jarðefna/steypu, þá jafnvel erlendis frá, eigi erindi inn á svæðið m.t. jarðfræðilegra heilda.

Samtökin benda á að áhrif svo umfangsmikillar efnistöku vegna framkvæmdanna, sem hugmyndir eru um, þarf af kostgæfni að meta m.t.t. náttúrulegs ástands svæðisins og röskunar sem af hlýst.

Eldvötn benda á að meta þarf þol innviða og tækja gagnvart leir- og sandfoki, svo sem áður er nefnt. Einnig megi koma fram hve margar ferðir á dag séu áætlaðar út frá mismunandi forsendum.

Hvað efnistöku og -flutning varðar benda Eldvötn síðast en ekki síst á að sérstaka aðgát þarf að hafa þar sem farið er um svæði smitað af ágengum framandi tegundum, sbr. Alaskalúpínu, en þeim er óheimilt að dreifa skv. 63. gr. náttúruverndarlaga vegna ógnar við líffræðilegan fjölbreytileika.

Eins benda Eldvötn á að meta þarf viðhaldspörf flutningsleiðar og það rask sem af henni hlýst.

Menningarminjar

Eldvötn fagna því að hæfir aðilar verði fengnir til að meta möguleg áhrif á menningarminjar á svæðinu. Samtökin telja þó óhæft að láta í því samhengi frá sér slíkan texta sem settur er fram á bls. 53; „*stór hluti framkvæmdasvæðisins er svört sandauðn og hefur hluti þess farið illa út úr Kötluhlaupum fortíðar. Ströndin hefur*

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

svo verið mótuð af brimi og óheftum öldugangi. Ólíklegt er að mannvirki við Alviðruhamra hafi mikil áhrif á fornminjar en möguleg efnistaka við Mýrar í Álftaveri gæti gert það.“

Þess skal geta að gamla skipbrotsmannaskýlið sem getið er í matsáætluninni, Alviðruhamraskýlið, stendur m.v. uppgefna staðsetningu framkvæmdanna í matsáætluninni, mjög nærri – ef ekki mitt á fyrirhuguðu framkvæmdasvæðinu við ströndina. Sérstaklega er haft á orði að það hafi munað fífil sinn fegurri, sem og að því verði ekki raskað við framkvæmdir. Eldvötn benda á að fyrir fáum árum var skýlið endurnýjað nokkuð af Álftveringum; m.a. skipt um þak og útidyrhurð. Og þótt því sjálfu verði ekki raskað, þá þarf að skoða gildi þess sem minja í því umhverfi sem það er.

Þá benda Eldvötn á að auk Alviðruhamraskýlisins er annað reisulegt skipsbrotsmannaskýli á við vitann á Hádegisskeri, en þess er að engu er getið í matsáætluninni. Rústir hins þriðja, Gljáarskýlisins, sem er hrunið, er svo á mótum Bólhraunafjöru og Herjólfstaðafjöru.

Þá liggur á Þykkvabæjarklaustursfjöru flak togarans Leiknis frá Patreksfirði, sem strandaði í nóvember 1931.

Enn er ónefnt sæluhúsið við Dýralækjasker, sem er söguleg bygging; fyrsta steinsteypa húsið í sýslunni og stóð af sér Kötluhlaupið 1918.

Frekar verður vikið að þessum minjum og ferðum á fjöruna í kafla um ferðapjónustu.

Í grennd við framkvæmdasvæðið – þá ekki síður flutningaleiðirnar en fjöruna sjálfa – eru allmargar þekktar minjar, enda fer fjöldi sagna af eyðingu bæja og heilu bæjabyrpinganna í Kötlugosum liðinna alda. Meðal fornminja á eða við framkvæmdasvæðið má nefna Arfabót, þar sem mikill uppgröftur og rannsóknir hafa farið fram og urmul upplýsinga má finna um, en svo er að sjá að valkostur B vegna mögulegra efnisflutninga frá Mýrum fari beint yfir staðinn eða a.m.k. mjög nálægt honum, sem og reisulegri vörðu sem þar er. Þá má nefna tóftir Bólhraunabæjarins, sem mynd af fylgir hér, og sitthvað fleira. T.a.m. er hið forna stórbýli Kúabót, sem einnig hefur verið grafið upp og rannsakað, ekki fjarri Arfabótinni. Á komandi sumri er fyrirhugaður frekari uppgröftur á svæðinu. Þá mun flutningsleiðin þvera hina gömlu ferðaleið um Mýrdalssand frá Hafursey austur að Dýralækjaskerjum og þaðan í Álftaver, en á eystri hluta hennar standa enn reisulegar vörður. Við hana eru aflraunasteinarnir Latur.



Eyðijörðin Bólhraun á Mýrdalssandi sunnanverðum. Búseta þar var líklega stutt, frá 1700-1830. Fornleifafræðingarnir standa í bæjartóftinni en á næsta græna hól voru útihús. Ef grannt er skoðað sést glitta í tvö útihús til viðbótar í hraunbrúninni til hægri. Ljós- og heimild: [Facebooksíða Fornleifastofnunar](#)

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Eldvötn vekja sérstaka athygli á [pósti á facebook-síðu Minjastofnunar Íslands dags. 22.12.2022](#), þar sem segir: „Fáar sveitir landsins hafa í gegnum tíðina staðið í eins miklum skugga af viðvarandi náttúruvá og Álftaver og bæir nærri Mýrdalssandi. Þar hefur uppblástur, öskuföll, jökulhlaup og annar ágangur vatnsfalla ógnað byggðinni um aldir. Verkefnið Ógn og undur: Viðvarandi náttúruvá af völdum Kötlu í Álftaveri og á Mýrdalssandi, hófst í sumar og stefnt er að rannsóknum á svæðinu næstu sumar. Sérstaklega verður horft til svæðisins milli Múlakvíslar til vesturs og Kúðafliðs til austurs auk nærliggjandi jarða. Markmiðið er að varpa ljósi á samspil minja, landnýtingar og aðlögun íbúa að stöðugri náttúruvá með ítarlegri fornleifaskráningu og landsháttagreiningu. Í sumar voru bæir í Álftaveri og hluta Mýrdalssands heimsótt, tilfærsla bæja skoðuð og nýting svæða sett í sögulegt samhengi. **Í upphafi var talið að verkefnið tæki tvö ár en ljóst er að mikill minjafjöldi er á svæðinu, mun meiri er björtustu vonir gerðu ráð fyrir. Rannsóknin er styrkt af Fornminjasjóði og Skaftárhreppi.**“ Leturbreyting er okkar. Í [viðtali RÚV við dr. Bjarna Einarsson](#) árið 2018, í tengslum við rannsóknina að Arfabót, kemur fram að er bærinn fór í eyði upp úr 1400 hafi byggð á Mýrdalssandi verið tiltölulega þétt.

Áhrif á ferðabjónustu og útivist

Eldvötn benda á að meta þarf raunhæft áhrif framkvæmdarinnar á ferðamennsku og útivist, með áherslu á náttúruferðamennsku þá sem svæðið byggir á.

Áriðandi er að greina tegundir ferðamanna (náttúruferðamenn vs. fjöldaferðamenn) og meta hvort/hvernig framkvæmdirnar séu taldar líklegar til að hafa áhrif á þá gesti sem svæðið heimsækja; þá bæði m.t.t. afþreyingarferðabjónustu og gistingar. Gegnumgangandi má segja að ferðamennska og útivist á svæðinu einkennist af fágætri upplifun og einkar mikilli sérstöðu er byggir á tengslum við náttúruna og fræðslu um hana, síbreytilega og kvika og víðáttunni með fjalla- og þriggja jökla sýn. Meta þarf hvaða áhrif iðnaðarsvæðið myndi hafa á ferðabjónustu og útivist, og tækifærum þeim tengdum til lengri tíma.

Nálægð við lítt raskaða náttúru og óbyggðaupplifun er ríkur þáttur í þeim ferðum sem ferðabjónustufyrirtæki á Suðurlandi bjóða upp á með tilheyrandi atvinnusköpun og tekjuöflun, sem og því sem ferðamenn á eigin vegum sækja í.

Hundruðir ferðamanna taka t.a.m. dag hvern, árið um kring, þátt í skipulögðum ferðum í íshellana í Kötlujökli. Við mat áhrifa á ferðabjónustu telja Eldvötn ríka ástæðu til að skoða sérstaklega áhrif framkvæmdanna og starfseminnar á þær ferðir; út frá tegund ferðamanna, upplifun þeirra og gæðum óbyggðaupplifunar ekki síst. Líta þarf til þeirrar atvinnusköpunar sem í ferðunum felst og gera hagfræðilegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á afþreyingarferðabjónustu í og við Kötlujökul; samfélagslegum ávinningi m.a.

Áhrif á Mýrdalssand og Álftaversafrétt, þar sem í dag er auðvelt er að upplifa óbyggðirnar aðeins spottakorn frá þjóðvegnum, hvort sem er á eigin vegum eða í skipulögðum ferðum, þarf að mati Eldvatna að meta alveg sérstaklega, enda má sterklega ætla að verðmæti slíkra svæða, án áberandi áhrifa mannsins, muni einungis eiga eftir að aukast.

Á áningarstað Vegagerðarinnar við Dýralæki er lagt upp úr útsýni til Mýrdalsjökuls og Kötlu, með viðeigandi fræðsluskiltum um náttúru og sögu. Auk vegslóða liggur þaðan merkt gönguleið að gamla sæluhúsinu við Dýralækjasker, sem fyrir nokkrum árum var gert upp af Fótsporur – félagi um sögur og minjar í Skaftárhreppi, þar sem einnig er fræðslufni fyrir gesti. Báðir þessir áningarstaðir, ásamt mörgum fleirum á svæðinu, eru hluti fræðslunets Kötlu UNESCO jarðvangs – sem spannar Rangárþing eystra, Mýrdalshrepp og Skaftárhrepp – um jarðfræði og menningu. Meginundirstaða hans er það jarðfræðiundur sem hið stórbrotna svæði elds og ísa er. Eldvötn benda á að meta þarf áhrif framkvæmdarinnar allrar á jarðvanginn og gesti hans, og í raun leggja mat á það hvort forsendur hans haldi, verði af framkvæmdinni.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Eldvötn benda á að sérstaklega þarf að meta áhrif á gönguferðamennsku á svæðinu, þ.m.t. á öllum fjallahringnum, að Hjörleifshöfða, Hafursey og ferðamennasvæðinu í og við Þakgil meðtöldum.

Næst skal vikið að fjöruveginum að Alviðruhamravita. Í dag er hann vissulega torfær, en einmitt það veitir ferðum þangað mikla sérstöðu og er hluti eftirsóknarverðrar upplifunar sem er ólík því sem flestir þekkja frá sínu daglega lífi. Staðurinn er vissulega ekki fjöldaferðamannastaður í dag, en er eigi að síður líklega sá fjöruvegur í Skaftárhreppi sem oftast er fær á venjulegum jeppum. Í einmitt þessu búa mikil gæði. Eldvötn benda á að gæði ferðabjónustu, og þá verðmæti, eru sannarlega ekki mæld í hausafjölda. Samtökin benda á að ef af framkvæmdum verður, þá verður svæðið aldrei samt. Vissulega má gera ráð fyrir auknum fjölda ferðamanna að vitanum eftir mögulegar vegabætur, en um leið breytingu á tegund ferðamannanna; að við taki meiri fjöldaferðamennska („massatúrismi“), sem er sú tegund ferðabjónustu sem hlutfallslega skilur minnst eftir sig en veldur mestum átroðningi. Samtökin benda á að í þessu samhengi þarf m.a. að skoða hvort Álfhveringar sækjast eftir mikilli bílaumferð ferðamanna um sveitina og niður að vita flesta eða alla daga.

Á Alviðruhamraskýlið, hið gamla skipbrotsmannaskýli, er minnst í matsáætluninni. Í fjölda ára hefur það verið mikið aðdráttarafl fyrir t.a.m. ljósmyndara í gæða-upplifunarferðum. Fyrir fáum árum endurnýjuðu Álfhveringar það nokkuð, m.a. þak og útidyrhurð, og skipbrotsmannaskýlinu við vitann hafa þeir einnig haldið við. Fylgir hér með mynd sem fyrir nokkrum árum var tekin af Alviðruhamraskýlinu (fyrir viðgerð) og fangar ágætlega stemmninguna þar, að sandfoki meðtöldu. Útlit er fyrir að framkvæmdasvæðið verði við skýlið og gjörbreyti ásýndinni. Annað skipbrotsmannaskýli, sem og leifar þess þriðja, eru á svæðinu, sbr. kafla um menningarmínjar hér að framan. Samtökin benda á að þó að menningarmínjunum sjálfum á svæðinu verði ekki raskað, þá missir svæðið allan núverandi sjarma við hið ágenga inngrip sem áformað er. Til þess þarf að líta við mat á umhverfisáhrifum, m.a. hvað ferðabjónustu og útivist á varðar.



Alviðruhamraskýlið, fyrir endurnýjun. Ljós. Eldvötn

Á bls. 99 í umhverfismatsskýrslunni frá 2023 vegna efnistöku á Mýrdalssandi má lesa eftirfarandi niðurstöðu þess mats; „Þegar horft er til þess að ekki verður nein röskun á ferðamannstöðum og svæðum, aðgengi að þeim stöðum verður annaðhvort óbreytt eða betra, möguleikar til nýtingar á þeim í framtíðinni breytast ekki, fjöldi ferðamanna sem verður fyrir áhrifum er ekki mikill, og að vegalengdir að ferðamannstöðunum hlaupa á kílómetrum og ekki bein sjónlína á milli, þá er það mat framkvæmdaraðila að heildaráhrif á útivist og ferðamennsku eru óverulega neikvæð“.

Eldvötn benda á að þessi texti ber merki um skort á þekkingu á ferðabjónustu svæðisins. Samtökin leggja áherslu á að við þá rannsókn á ferðamennsku svæðisins sem nauðsynlegt er að gera í samhengi við umhverfismatið nú verður að líta sérstaklega til og meta þá tegund ferðamennsku sem þar er stunduð.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Áhrif á landslag og víðerni

Kafla um landslag og ásýnd á bls. 52 í matsskýrslunni hefst á þessum orðum: „Mannvirkin á Alviðruhömrum munu breyta ásýnd svæðisins en þar er í dag bara auður sandur. Á móti kemur eru svo til engir á ferli á svæðinu og það er ekki sýnilegt frá neinum vegum eða úr byggð [...]“

Eldvötn benda á að þótt svæðið sé að drjúgum hluta sendið, þá fer því fjarri að þar sé „bara auður sandur“, svo sem áður hefur verið komið inn á, heldur hefur það náð að gróa umtalsvert upp. Á hinn bóginn má líka benda á að auðnirnar eru ekki ómerkilegri náttúra en hver önnur, ekki síst þegar um svo stórkostleg ummerki elds og ísa er að ræða. Þá er fjöldi fólks á svæðinu ekki mælikvarði á verðmæti landslags, en einmitt fámenni eykur gildi víðernaupplifunar, þ.e. það er meðal þess sem þar er þótt eftirsóknarvert.

Almenn sjónmengun, ásýnd og áhrif á landslag eru þættir sem þarfnast mjög gaumgæfilegrar skoðunar að mati Eldvatna. Ekki er sjálfgefið að erlendir staðlar henti til mats hérlandis, þar sem um miklar víðáttur er að ræða hið næsta, en fjalllendi og jöklar fjær. Skoða þarf um hve langan veg ætla má að áhrifa gæti frá iðnaðarsæðinu öllu, bæði í dagsbirtu sem og ljósmengun þegar hana þverr, og meta áhrif þeirra á landslag, ásýnd og upplifun.

Eldvötn benda á að sömuleiðis þarf að meta hljóðvist; á hve stórt svæði ætla má að heyrist í tækjum, en slíkt hefur bein áhrif til skerðingar á víðernaupplifun.

Framar hefur verið komið inn á það hve um hve sérstakt landslag ræðir; víðáttuna með fjalla- og þriggja jökla sýn; land sem er eins síkvíkt og gerist. Eldvötn leggja áherslu á að í því felast gríðar mikil verðmæti til framtíðar, þ.e. slík svæði eru orðin mjög fátíð í heiminum. Eins og Eldvötn hafa bent á hér að framan fjallar 1. gr. náttúruverndarlaga um markmið þeirra; „að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og **fjölbreytni landslags**. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.“

3. gr. fjallar um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, **landslag og víðerni**. Í d-lið 1. mgr. segir „að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,“ og e-lið „að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.“ Leturbreytingar eru okkar.

Eldvötn benda á að við skilgreiningar á orðinu „víðerni“ er í síauknum mæli farið að líta til þáttar upplifunar gesta, en ekki einungis flatarmáls. Samtökin benda á að Mýrdalssandur er magnað tækifæri til óbyggðaupplifunar einungis spottakorn frá þjóðveginum. Sem fyrr segir er það hluti söluvöru ferðaþjónustuaðila, en einnig – og sannarlega ekki síður – gríðar verðmætt fyrir hvert og eitt okkar og komandi kynslóðir að fá notið til framtíðar. Sífelld koma fram rannsóknir er sýna hve áriðandi lítt röskuð náttúra er fyrir heilbrigði á líkama og sál.

Hvað landslagið og vernd þess varðar benda samtökin á að í [Landsskipulagsstefnu](#) fjallar áhersla A.5 um að „skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir.“ Þá segir þar í 7. lið að: „landslagsgreining verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum og miðað að því að virða sérkenni landbúnaðarlands og varðveita jarðfræðilega fjölbreytni og menningarlandslag. (D)“ Og í beinu framhaldi benda samtökin sérstaklega á þær skuldbindingar sem Ísland hefur tekist á hendur með aðild að Landslagssamningi Evrópu, en skoða þarf hvernig ákvæði hans snerta áformin.

Eldvötn benda á að nauðsynlegt er að meta **alla framkvæmdina**, að meðtöldum m.a. námugrefttri og loftlínun, sem og vegum vegna framkvæmdanna, m.t.t. áhrifa á landslag og víðerni.

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Skipulagsmál

Strandsvæðisskipulag í samræmi við lög nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða hefur ekki verið unnið fyrir hafið úti fyrir Suðurströndinni. Af því leiðir skortur á valkostagreiningu á skipulagsstigi, sbr. kafla í upphafi þessa skjals. Í 2. mgr. 7. gr. laganna segir að „í strandsvæðisskipulagi skuli m.a. lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu og forsendum þeirrar stefnu sem það felur í sér og gera grein fyrir áhrifum þess og einstakra stefnumiða á umhverfið með umhverfismati, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma [...]“

Landsskipulagsstefna inniheldur m.a. stefnu um skipulag haf- og strandsvæða í samræmi við 9. gr. sömu laga., sbr. eftirfarandi:

- Áherslu A.4, 10. lið: „Skipulag haf- og strandsvæða viðhaldi sérkennum og náttúrugæðum með verndun sérstæðrar náttúru og menningarminja. (H)“
- Áherslu C.7, 12. lið: „Í skipulagi verði hugað að varðveislu landslags á strandsvæðum sem aðdráttarafli fyrir ferðamenn. (H)“
- Áherslu B.4, 13. lið: „Á haf- og strandsvæðum verði tryggðar öruggar og greiðar samgöngur og gott aðgengi að höfnum. Í því felst að ákvarðanir um staðbundna nýtingu byggist á mati á siglingaöryggi. (H)“
- Áherslu B.6, 6. lið: „Við skipulag á haf- og strandsvæðum verði tekið tillit til náttúruvár. Við greiningu á valkostum fyrir staðbundna nýtingu á strandsvæðum verði metið, eins og kostur er, hvort fyrirhugaðri starfsemi stafi hættu af náttúruvá. (H)“
- Áherslu B.7, 9. lið: „Við skipulag á strandsvæðum verði stuðlað að gæðum umhverfis við ströndina og vandað til staðarvals, yfirbragðs og hönnunar mannvirkja. Tekið verði mið af staðareinkennum og staðbundnum gæðum sem felast í menningarminjum, náttúru og landslagi. (H)“

Hvað aðalskipulag Skaftárhrepps snertir, þá kemur í matsskýrslunni fram að í greinargerð aðalskipulagstillögu 2023-2043 [bls. 74] sé eftirfarandi texti: „Í tengslum við umfangsmikla efnistöku við Hafursey á Mýrdalssandi hafa komið fram hugmyndir um útflutningshöfn við Alviðruhamra innan Skaftárhrepps. Efni yrði þá flutt frá Hafursey að Alviðruhömrum eftir vinnuvegum eða með færibandni án þess að þungaumferð færi um almenna þjóðveg. Enn er margt óljóst um endanlega útfærslu en Skaftárhreppur telur þetta áhugaverða framkvæmd og er fylgjandi því að þessi valkostur sé rannsakaður frekar og þróaður áfram af framkvæmdaraðila“.

Þetta er meðal þess sem Eldvötn gerðu athugasemd við í janúar sl. er aðalskipulagstillagan var auglýst, með eftirfarandi orðum:

„Hugmynd um sandútflutning frá Alviðruhömrum. Furðu samtakanna vekur klausa á bls. 75, á eftir lista yfir iðnaðarsvæði, þess efnis að Skaftárhreppur telji hugmynd um gerð útflutningshafnar að Alviðruhömrum í Álftaveri vegna sandútflutnings/-vinnslu við Hafursey áhugaverða framkvæmd, og sé fylgjandi því að valkosturinn sé rannsakaður frekar og þróaður áfram af framkvæmdaaðila. Eldvötn hafa á liðnum árum verið óþreytandi við að benda á að aðalskipulag sveitarfélags er stefnumarkandi áætlun er lýsa skal vilja íbúa þess. Svo viðamikil framkvæmd sem hafnarmannvirki hvers konar eru, svo að ekki sé minnst á brautarlagningu einhvers konar austur allan Mýrdalssand allt frá Hafursey í Mýrdalshreppi, þarf að fara í gegnum langt ferli rannsókna og athugana áður en til skipulagsmála eða leyfisveitinga kemur af hendi sveitarfélagsins. Til viðbótar þessu benda Eldvötn á umsögn Mýrdalshrepps dags. 2. janúar sl., þar sem mælt er til samráðs um útfærslu umræddrar framkvæmdar. Hugmynd á því stigi sem að framan er lýst á að mati samtakanna nákvæmlega ekkert erindi inn í greinargerð aðalskipulags, en bókun í fundargerð sveitarstjórnar væri betur við hæfi á þessu stigi máls. Óska samtökin eftir því að þessi texti verði felldur út.“

Eldvötn benda á rangfærslu á bls. 38 í matsáætluninni, þar sem segir að „allt land undir 300 m.y.s. fái þá skilgreiningu [þ.e. sem landbúnaðarland] í skipulagstillögunni óháð aðstæðum.“ Samtökin benda á að það sem í aðalskipulagsskipulagstillögunni stendur er að allt landbúnaðarland sé undir 300 m.y.s., en ekki að allt land undir

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

300 m y.s. sé landbúnaðarland. Á því er reginmunur. Þetta þýðir að það land sem framkvæmdaraðilar hafa hug á að leggja undir efnisflutninga og bryggjuframkvæmdir er talið þess eðlis að það nýtist til landbúnaðar, og ber að standa vörð um sem slíkt – enda hefur gróðurinn verið að vinna þar mikið á.

Síðan segir að „verði af framkvæmdum þurfi að gera grein fyrir þeim að fullu í aðalskipulagi Skaftárhrepps og verði það unnið í samstarfi við sveitarfélagið.“ Eldvötn benda á að orðalagið „að gera grein fyrir þeim að fullu“ er nokkuð fjarri því ferli sem breyting á aðalskipulagi innifelur, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en hluti þess ferlis er m.a. samráð við íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila, og skal tillagan innihalda umfjöllun um forsendur, umhverfismat o.fl., sbr. 30. gr. laganna.

Áhrif á samfélag

Í matsskýrslunni segir að gert sé ráð fyrir að starfsmannafjöldi á uppbyggingartíma framkvæmdarinnar hlaupi á hundruðum og verði um 200 til lengri tíma. Að mati Eldvatna þarf að gera skýrari grein fyrir ætluðum starfsmannafjölda, og hvernig honum er ætlað að skiptast á verkþætti. Þá benda samtökin á að gera þarf grein fyrir því hvaðan þetta fólk á að koma og hvar því er ætlað að búa, en óraunhæft verður að teljast að geta dreift því á nærliggjandi íbúðarhús og byggð eins og hugmyndin virðist skv. matsskýrslunni vera. Meta þarf áhrif og mögulegt álag af umbreytingu hinnar kyrrsælu sveitar sem Álftaverið er, þar sem byggt hefur verið á landbúnaði og að hluta til ferðaþjónustu, í umfangsmikið iðnaðarsvæði með svo ágengri nýtingu. Hvaða áhrif hefur það á búskapinn og ferðaþjónustuna, og hvernig má ætla að lífið þar verði til framtíðar ef af verður?

Svo snögga fólksfjölgun þarf sömuleiðis að meta á það sveitasamfélag sem fyrir er; bæði á íbúana, sem og hvernig hin gríðarlega og skyndilega aukning myndi koma við þá innviði og þjónustu sem fyrir er á svæðinu, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu.

Í dag er ekki miklu atvinnuleysi fyrir að fara í Vestur-Skaftafellssýslu, og raunar hefur heldur gengið erfiðlega að manna stöður en hitt. Í byrjun þessa árs bjuggu 1592 manns í sýslunni; 627 í Skaftárhreppi (418 í dreifbýli, 209 á Kirkjubæjarklaustri) og 965 í Mýrdalshreppi (245 í dreifbýli, 965 í Vík) skv. [vef Hagstofunnar](#).

Í kafla um samfélag á bls. 54 í matsáætluninni er því slegið föstu að ný bryggja og var muni auka öryggi sjófarenda til muna. Eldvötn benda á að út frá möguleikum á setflutningum og uppbyggingu sets við mannvirkin þurfi ekki síður að fjalla um möguleika á sjósköðum af framkvæmdanna völdum, sbr. framansagt.

Í kaflanum segir einnig að núverandi helstu atvinnugreinar svæðisins, sem eru landbúnaður og ferðaþjónusta, séu bundnar mikilli árstíðasveiflu, þó að hún hafi minnkað í tilfelli ferðaþjónustunnar. Hin nýja framkvæmd komi til með að auka fjölbreytni og stöðugleika á ársgrundvelli og skapa tekjur fyrir sveitarfélög.

Eldvötn velja fyrir sér á hvaða hátt hugsunin er að hinum ágenga iðnaði sé ætlað að auka stöðugleikann. Ferðaþjónusta á svæðinu, m.a. í Vík, sem er nálægasta byggðarlagið, er fjarri því að vera í lægð á veturna, en þar er mikill handagangur í öskjunni alla daga. Eldvötn telja ekki ofsögum sagt að þeirri ferðaþjónustu sem fyrir er á svæðinu stafi alvarleg ógn af þessu inngripi. Búskap þarf ekki síður að sinna á veturna en sumrin, þótt verkefnin séu mismunandi eftir árstíðum.

Hvað öflun meintra tekna inn í samfélagið varðar, þá telja Eldvötn rétt að framkvæmdaraðilar geri grein fyrir því hverjar þeir telji að þær muni verða. Hvort t.a.m. sé gert ráð fyrir því að starfsfólkið eigi lögheimili í sveitarfélögunum og greiði þangað útsvar, hvort aðföng og þjónusta verði keypt af fyrirtækjum á svæðinu og hvort olía og annað til rekstursins verði keypt hérlendis. Síðast en ekki síst hvert EPPM greiðir skatta.

Í sveitinni ganga fjöllum hærra sögur af loforðum um miklar fjárhæðir í sveitarsjóð vegna hafnargjalda. Forsvarsmenn Eldvatna geta ekki skilið hafnalög nr. 61/2003 á þann hátt að hafnargjöld séu tekjulind

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

sveitarfélaga. Í 20. gr. þeirra er fjallað um hafnir sem ekki teljast til opinbers reksturs. Í 2. mgr. segir að „gjaldtaka hafnar samkvæmt þessum kafla skuli miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar, stofnkostnaði og kostnaði við viðhald hennar, auk þess sem heimilt er að taka tillit til arðsemi á endurmetnu eigin fé“. Í næstu mgr. er fjallað um heimild til að leggja álag á gjöldin í tengslum við árangur í umhverfismálum. Í 19. gr. eru ákvæði varðandi útgreiðslu arðs til eigenda.

Eldvötn benda á að gera þarf raunhæft mat á raunverulegum samfélagslegum áhrifum þess að breyta friðsælu sveitasamfélagi með öll sín lífsgæði og lítt snortinni náttúru í ágengt iðnaðarsvæði.

Einnig benda samtökin á að ef niðurstöður rannsókna á fiskigengd í Kúðafliót og þaðan í Tungufljót leiða til þeirrar niðurstöðu að stofninum standi ógn af framkvæmdinni, þá þarf að taka inn í myndina þá tekjulind bænda sem sala veiðileyfa er.

Hugleiðing að lokum

Að lokum vilja Eldvötn minna á að þær hugmyndir sem gegnum tíðina hafa skotið upp kollinum varðandi alls kyns ágengar framkvæmdir í sýslunni, hvort sem það hefur verið höfn í Dyrhólaey, yfirgripsmiklar vatnaveitingar vegna raforkuframleiðslu, t.a.m. þvert á Lakagígaröðina – eða hreinlega stóriðja á borð við álver, þá hafa þær það undantekningalaust sammerkt að hafa elst einkar illa.

Eldvötn hvetja lesendur þessara athugasemda til að velta fyrir sér hver afstaðan til svo stórtæks vikurútlutnings, með öllu því raski sem tilheyrir, verður eftir tuttugu ár eða fimmtíu t.a.m.

Verði af framkvæmdinni, verður með um varanlega breytingu á lítt raskaðri náttúru að ræða .

F.h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi



Ingibjörg Eiríksdóttir
formaður

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 16 apríl 2025
UOS2503295/KBB
13.05.00

Umsögn – Mat á umhverfisáhrifum – Matsáætlun – Bryggja við Alviðruhamra

Framkvæmdalýsing

EP Power Minerals Iceland ehf. hyggst gera bryggju við Alviðruhamra á austanverðum Mýrdalssandi. Staðurinn er um 12 km vestan við ósa Kúðaflióts og suðvestan við Álftaver. Gert er ráð fyrir langri og mjórri rörabryggju sem nær um 2 km út í sjó og um 200 m langri viðlegu við enda hennar. Að bryggjunni verður vegur yfir sandinn frá efnistökusvæði á Háöldu við Hafursey. Utan við bryggjuna þarf svo að gera um 1 km langan brimvarnargarð til að skýla fyrir öldugangi, en svæðið er fyrir opnu hafi. Brimvarnargarðurinn verður á 16-20 m dýpi og því þarf mikið efni í gerð hans, um 3 milljónir m³, en þar af er áætlað að um hálf milljón m³ verði steypar einingar. Áætlað er að flytja út um 5 milljónir tonna af efni árlega og ætti efni námunnar að endast í um 30 ár miðað við þær forsendur.

Vatnamál

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að framkvæma þarf áhrifamat fyrir öll vatnshlot sem framkvæmdin nær til. Fram kemur í matsáætlun að leitað verði álits sérfræðinga við mat á áhrifum á vatnaformfræðilega gæðapætti sjávarvatnshlotsins. Einnig þarf að fjalla þarf um vatnsformfræðilega gæðapætti allra þeirra straumvatnshlota sem til stendur að þvera, gefnar hafa verið út leiðbeiningar um aðferðir við mat á vatnaformfræðilegu ástandi straumvatnshlota sem notast skal við¹.

Gerð bryggju, viðlegukants og brimvarnargarðs eru dæmi um þætti sem geta haft áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti í strandsjávarhlotum.² Ekki hefur verið ákveðið hvaða matsþætti á að nota til að meta vatnsformfræðilegt ástand strandsjávarhlota á Íslandi. Því skal notast við þá almennu matsþætti sem reglugerð nr. 535/2011 setur fram þegar áhrif

¹ [Aðferðir við mat á mjög góðu vatnsformfræðilegu ástandi straum- og stöðuvatna.](#)

² [Leiðbeiningar um áhrifamat fyrir vatnshlot](#)

framkvæmda/starfsemi á vatnsformfræðilegt ástand strandsjávar er metið. Í reglugerðinni eru tveir gæðapættir settir fram, þ.e. sjávarföll og formfræðileg skilyrði. Vatnsformfræðilegir álagsþættir geta verið margs konar. Dæmi um matsþætti fyrir strandsjávarhlot væru stefna ríkjandi strauma, ölduhrif, breytileiki í dýpt, kornastærð, botngerð og gerð svæðis milli há- og lágflæðimarka sem landfylling og aðrar framkvæmdir geta haft áhrif á.

Í greinargerð kemur fram að í 2-4 km fjarlægð frá ströndinni verður starfsmannaaðstaða og verkstæði til að sinna viðhaldi á tækjum og búnaði. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að gera þarf grein fyrir fráveitu frá aðstöðunni og möguleg áhrif hennar á viðtakann.

Stofnunin bendir á að mikilvægt sé að hugað verði vel að mengunarvörnum við framkvæmdina og m.a gætt að því að olía eða önnur mengun berist ekki út í umhverfið.

Til þess að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun Íslands 2022-2027³ þarf að liggja fyrir ítarlegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum. Athugið að fjalla þarf um öll þau vatnshlot sem framkvæmdin nær til; strandsjávarhlot, straumvatnshlot og grunnvatnshlot. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að stofnunin hefur gefið út leiðbeiningar um hvernig beri að framkvæma slíkt mat og eru þær aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar. Minnir stofnunin á að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástandi vatnshlota aldrei hnigna frá því sem umhverfismarkmið þeirra segja til um, hvorki tímabundið né varanlega.

Mengun

Geymslusvæði fyrir efnið verður í 2-4 km fjarlægð frá ströndinni, svæðið verður um 40 ha að stærð og hægt verður að geyma allt að 300.000 tonn af efni á svæðinu, svæðið verður óvarið fyrir veðri og vindum. Reiknað er með að efnið verið lagt út í alls fjóra, 800 m langa garða. Fram kemur í matsáætlun að til standi að prófa efnið í vindgöngum til að mæla viðloðnun og við hvaða vindstyrk það byrjar að hreyfast. Reglulega sé sandfok á Mýrdalssandi af náttúrulegum orsökum og möguleiki er að vinnsluefni fjúki og bætist við það þegar vindstyrkur er mikill

Umhverfis- og orkustofnun telur mikilvægt að áhrif af sandfokinu verði skoðuð gaumgæfilega í umhverfismatsskýrslu og samlegðaráhrif með sandfoki sem nú þegar er á Mýrdalssandi af náttúrulegum orsökum. Skoða þarf áhrif sandfoks á loftgæði á svæðinu.

³ [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#)

Dýpkanir

Í kafla 3.4 er fjallað um leyfi sem framkvæmdin er háð. Auk þess kemur fram í kafla 2 að innan grjóttgarðanna þurfi að dýpka í um 7-8 metra dýpi og að svo geti þurft að grípa til viðhaldsdýpkanna við brimvarnargarðinn. Umhverfis- og orkustofnun bendir í á að nýting jarðefna af hafsbotni utan netlaga (115 m út frá stórstraumsfjöruborði) er leyfis skyld hjá Umhverfis- og orkustofnun, sbr. 6. gr. laga nr. 57/1998.

Varp í hafið/Landfylling

Fram kemur í matsáætlun að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, sé háð leyfi hjá Umhverfisstofnun. Vakin er athygli á því að Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið við hlutverki Umhverfisstofnunar vegna umræddra leyfisveitinga eftir að síðargreind stofnunin var lögð niður með lögum.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfis- og orkustofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a) dýpkunarefnum,
- b) náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c) fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfis- og orkustofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið og áður en framkvæmdir hefjast þurfa stofnuninni að berast upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.⁴ Umhverfis- og orkustofnun getur ekki veitt leyfi til varps í hafið vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema sýnt verði fram á að efnið falli undir a- eða b-lið 9. gr., þ.e. að um sé að ræða náttúruleg, óvirk efni, og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Loftslag

Í 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er fjallað um *efni umhverfismats* og taldir upp þeir umhverfisþættir sem fjalla skal um í matinu. Áhrif framkvæmdar á *loftslag* er einn þeirra þátta sem nauðsynlegt er að fjalla um. Í matsáætlun eru áhrif á loftslag ekki einn matsþátta.

Umfjöllun um loftslag þarf að miða að því að gera grein fyrir þeirri losun sem stafar af framkvæmdinni. Til losunar frá framkvæmd telst bæði *bein losun* frá framkvæmdinni (losun að

⁴ [Leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis](#)

umfangi 1) og hins vegar *óbein losun* frá framkvæmdinni (losun að umfangi 2 eða 3). Til óbeinnar losunar telst til að mynda losun frá aðkeyptri orku og óbein losun í virðisbætti.

Fram kemur í matsskýrslu að til standi að nota efnið úr efnistöku til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda við sementsframleiðslu á meginlandi Evrópu. Stofnunin telur að ekki sé forsendur fyrir því að tala um að efnið muni minnka losun annars staðar þegar ekki er búið að meta það hver losunin verði af framkvæmdinni. Ekki sé hægt að halda fram jákvæðum áhrifum á loftslag þegar slíkt mat hefur ekki farið fram. Í umhverfismatsskýrslu þarf að fjalla um áhrif ólíkra valkosta á loftslag, meðal annars byggingu og gerð brimvarnargarðs, bryggju, vinnuhafnar og flutning efnis. Meðal annars um mögulegan flutning á efni erlendis frá hvort sem um er að ræða steypar einingar eða grjót og síðar flutning á sandi til meginlands Evrópu.

Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á að fjallað verði um áhrif framkvæmdarinnar á loftslag í umhverfismatsskýrslu.

Grunnvatnstaka

Fram kemur í matsáætlun að vatn fyrir svæðið verður aflað með borholum á staðnum. Ekki er ljóst hver ferskvatnspörf verður en sökum lektar í hrauni og lítillar hæðar yfir sjávarmáli er tiltölulega þægilegt að nálgast vatn við Alviðruhamra. Vatn yrði notað til neyslu og í almenn þrif á vélum og búnaði.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að grunnvatnstaka kann að vera leyfisskyld á grundvelli V. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í lörðu nr. 57/1998. Sé grunnvatnstaka ekki leyfisskyld á grundvelli VII. kafla laganna ber landeiganda þó að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa.

Samantekt

Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á að mikilvægi þess að í umhverfismatinu sé gert áhrifamat fyrir öll þau vatnshlot sem framkvæmdin hefur áhrif á. Stofnunin telur einnig jákvætt að leitað sé sérfræðialits við mat á áhrifum á vatnsformsfræði, sérstaklega til að ákvarða matsþætti fyrir vatnsformsfræðilega gæðapætti strandsjávarhlota. Að mati Umhverfis- og orkustofnunar ætti áhrif á loftslag að vera einn af matsþáttum í umhverfismatinu.

Virðingarfyllst,

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Kynning matsáætlunar vegna bryggju við Alviðruhamra

Umsögn Vegagerðarinnar



Móttakandi: Skipulagsstofnun

Nafn:	Jón Smári Jónsson
Netfang:	jon.smari.jonsson@skipulag.is
Málsnúmer á skipulagsgátt:	307/2025

Vegagerðin hefur rýnt tilkynningu um fyrirhugaðar framkvæmdir við Alviðruhamra með það að markmiði að taka afstöðu til þess hvort framkvæmdin falli undir matsskyldu samkvæmt 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Við rýnina var tekið mið af hlutverki stofnunarinnar að tryggja greiðar og öruggar samgöngur á sjó og landi. Vegagerðina ber ábyrgð á innviðum siglinga þ.e. höfnum, vitum og siglingamerkjum, auk þess að annast rannsóknir sem snúa að öryggi innviða þ.m.t sjávarflóðum sem og að miðla upplýsingum um sjávarföll, sjólag og ölduspá.

Framkvæmdalýsing

Í matsáætluninni er lögð fram tillaga um að reisa bryggju við Alviðruhamra, á austanverðum Mýrdalssandi. Um er að ræða rörabryggju, um 2 km að lengd, með um 200 metra löngum viðlegukanti.

Einnig er fyrirhugað að reisa um 1 km langan brimvarnargarð utan við bryggjuna til að verja bryggjuna fyrir öldugangi. Garðurinn verður staðsettur á 16–20 metra dýpi og efnið (um 3 milljónir rúmmetra) verður fengið til hluta til úr námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Röra- og viðlegubryggjurnar verða byggðar úr steypum einingum.

Tvær meginleiðir eru til skoðunar varðandi flutning á efni frá námunni við Hafursey að bryggju við Alviðruhamra. Í báðum tilvikum myndi flutningur fara undir Hringveg (1) í undirgöngum, þannig að engir flutningar færu eftir sjálfum þjóðveginum. Til stendur að flytja allt að 5 milljónir tonna árlega, á bilinu 13.000 - 20.000 tonn á dag.

Umsögn Vegagerðarinnar

Vegagerðin fagnar því að á rekstartíma fari efnisflutningar undir Hringveg en minnir á að útfærsla og framkvæmd við þjóðvegi skal fara fram í nánu samráði við Vegagerðina. Allar framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Ljóst má telja að á rekstrartíma þurfi vegtengingar til beggja átta frá Hringvegi og skal slíkt einnig unnið í samráði við Vegagerðina.

Á framkvæmdatíma þarf að taka sérstakt tillit til umferðar og umferðaröryggis. Þá er átt við t.d. vegna byggingar undirganga og efnisflutninga. Allar bráðabirgðalausnir skulu unnar í samvinnu við Vegagerðina.

Samkvæmt upplýsingum í matsáætlun verður efni fyrir byggingu viðlegukants og annarra hluta framkvæmdarinnar tekið úr námum í nágrenni framkvæmdasvæðisins og efni ekki flutt eftir þjóðvegum. Vegagerðin telur þörf á nánari upplýsingum vegna efnistöku og efnisflutningum á framkvæmdatíma enda er um umtalsvert magn efnis að ræða. Gera þarf grein fyrir fjölda ferða, þyngd og leiðarvali, sér í lagi hvað snertir flutninga eftir varnargörðum og þjóðvegum. Vegagerðin leggur áherslu mikilvægi þess að í umhverfismati framkvæmdarinnar liggi fyrir upplýsingar um magn og gæði efnis í þeim námum sem tilgreindar eru og hvort magn efnis sé nægilegt fyrir framkvæmdina.

Í matsáætlun kemur fram að fyrirhugað er að rannsaka ítarlega áhrif mannvirkja í sjó á strauma og sandburð til að finna út bestu mögulegu hönnun mannvirkja.

Vegagerðin leggur áherslu á að í umhverfismatinu verði lagt mat á hvar langtímaáhrif vegna fyrirhugaðra framkvæmda muni gæta og hver áhrifin verða, þar með talin mögulegar breytingar á strandlínu. Jafnframt þarf að skilgreina og meta áhættur við siglingarþátt verkefnisins.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Erna Hreinsdóttir
Forstöðumaður Skipulagsdeildar



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 14. apríl 2025
2503095HS SHJ

Efni: Bryggja við Alviðruhamra, nr. 0307/2025 - Umsögn um kynningu matsáætlunar

Þann 19. mars sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um matsáætlun vegna fyrirhugaðar bryggju við Alviðruhamra á austanverðum Mýrdalssandi í Skaftárhreppi og efnisflutningum þangað frá efnistökusvæði á Háöldu austan við Hafursey í Mýrdalshreppi.

Fyrirhugað er að flytja allt að 13.000 – 20.000 tonn á dag, eða um 5 milljónir tonna af efni árlega, um 18 km langa leið annað hvort með vörubílum, vagnlestum eða með lokuðu færiband í gegnum undirgögn undir þjóðveg nr. 1, í svotil beinni línu frá efnistökusvæði á Háöldu við Hafursey að fyrirhugaðri bryggju við Alviðruhamra sem staðsett er um 12 km vestan við Kúðafliót. Áætlað er að um 23 ha lands þurfi undir veg fyrir vörubíla/vagnlestir en um 10 ha fyrir færiband og þjónustuveg. Gert er ráð fyrir að hægt verði að geyma allt að 300.000 tonn af efni á geymslusvæði sem staðsett er um 2-4 km frá ströndinni við fyrirhugaða bryggju. Við geymslusvæðið verður starfsmannaaðstaða og verkstæði til að sinna viðhaldi á tækjum og búnaði. Frá geymslusvæðinu verður efninu mokað á færiband sem flytur það eftir 2 km langri bryggju um borð í flutningaskip. Bryggjan verður reist á stálörum sem verða rekin niður í sandinn, en með því að hafa bryggjuna á rorum er þess vænst að áhrif hennar á strauma og sandflutninga verði óveruleg og að fiskar, selir, smáhveli og önnur dýr geti synt eftir svæðinu án mikilla hindrana. Bryggjan, sem nær út á um 20 m dýpi, verður um 12 m á breidd og á henni verður akvegur með útskotum og færiband. Á viðlegukantinum við enda bryggjunnar verður hægt að taka á móti allt að 220 m löngu 50.000 tonna skipum, en einnig verður aðstaða fyrir dráttarbáta. Gert er ráð fyrir að taka á móti 2-3 skipum á viku. Til að skýla bryggju og viðlegukanti fyrir opnu hafi þarf að gera um 1 km langan, 20 m háan og 10 m breiðan brimvarnargarð fyrir utan bryggjuna, en í hann er áætlað að þurfi allt að 3 milljónir m³ af efni. Á framkvæmdatíma þarf líka að gera vinnuhöfn fyrir báta og pramma sem vinna að byggingu bryggjunnar og gerð brimvarnargarðs, en áætluð efnispörf fyrir slíka höfn er um 1 milljón m³, mest grjót. Gert er ráð fyrir að rafmagnspörf framkvæmdarinnar sé



allt að 18.6 MW ef efnið er flutt frá efnistöðum til bryggju á færðum en allt að 8,6 MW ef vörubílar eru notaðir.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda matáætlun fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka. Embættið telur að áætlunin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfispáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að afla gagna til að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu auk starfsmannabúða skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

150 Reykjavík

Vík í Mýrdal 15. apríl 2025

Efni: Matsáætlun um bryggju við Alviðruhamra, nr. 0307/2025

Katla UNESCO Global Geopark (Katla jarðvangur) var stofnaður í nóvember 2010 og hefur aðild að netverki evrópskra jarðvanga (EGN: European Geoparks Network) og alþjóðlegu neti hnattræna UNESCO jarðvanga (UGGp; UNESCO Global Geoparks). Að baki Kötlu jarðvangs standa þrjú sveitarfélög, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur, og fylgir svæði jarðvangsins mörkum þessara þriggja sveitarfélaga. Í stjórn jarðvangsins sitja m.a. forsvarsmenn þessara sveitarfélaga og fara þeir fyrir skipulagsvaldi á sínum svæðum.

Svæðið innan jarðvangsins hefur hlotið viðurkenningu UNESCO fyrir alþjóðlega mikilvægar jarðminjar, sem þykja einstakar á heimsvísu. Með þeirri viðurkenningu fylgir alþjóðleg ábyrgð á vernd og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og menningarverðmæta. Mikilvægt er að slík ábyrgð endurspeglar í mati á því hvernig fyrirhuguð framkvæmd samræmist stefnu um sjálfbæra ferðaþjónustu og ásýnd svæðisins til lengri tíma.

Katla Geopark leggur áherslu á að í fyrirhuguðu umhverfismati verði sérstaklega hugað að áhrifum framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu í nærliggjandi byggðum og á svæðinu í heild.

Alviðruhamrar og Mýrdalssandur tilheyra jarðfræðilega og landslagslega merkilegu svæði sem nýtur verndar í gegnum aðild að Kötlu Geopark. Í nágrenninu eru vinsælir ferðamannastaðir sem einnig eru jarðvætti, þar á meðal Hjörleifshöfði, Hafursey, íshellarnir í Kötlujökli, Dýralækjasker, Laufskálavarða, Álftaversgígur, Eldgjárhraun og Þykkvabæjarklaustur, sem laða árlega að sér fjölda ferðamanna og skipta miklu fyrir atvinnulíf í Mýrdals- og Skaftárhreppi.

Í matsáætlun er vísað til þess að ferðaþjónusta sé bundin árstíðarsveiflum, en vert er að árétta að ferðaþjónusta í báðum sveitarfélögum er orðin ein af meginstoðum atvinnulífsins og telst nú heilsárs atvinnugrein. Rekstraraðilar og samfélagið í heild hafa aðlagð sig að

eftirspurn allt árið, meðal annars með vetrarafþreyingu á borð við íshellaskoðun, jöklaferðir og ljósmyndaferðir.

Almennt séð getur svo umfangsmikil framkvæmd haft áhrif á það hvernig svæðið er skynjað sem ferðamannaparadís – sérstaklega ef ásýnd landsins breytist eða iðnaðartengd starfsemi verður mjög sýnileg. Því er mikilvægt að sjónræn áhrif, ímyndarsköpun og upplifun gesta verði hluti af heildarmati á áhrifum framkvæmdarinnar. Jarðvangurinn telur brýnt að framkvæmdaaðilar geri grein fyrir því hvernig tryggt verður að námuvinnsla og útflutningur, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, rýri ekki ímynd svæðisins sem ferðamannastaðar.

Það er því fagnaðarefni að í matsáætlun sé gert ráð fyrir viðtækum rannsóknum á náttúru og samfélagsáhrifum og leggjum áherslu á að áhrif á ferðapjónustu verði hluti af þeirri vinnu.


Viðbótaratriði sem Kötlum Geopark leggur sérstaka áherslu á að verði tekin til skoðunar í umhverfismati:

- Að fornleifaskráning fari fram í hrauninu við Alviðruhamra. Þrátt fyrir að svæðið sé sandorpið eru þar víða óskráðar fornleifar sem mikilvægt er að vernda og skrá áður en jarðrask á sér stað.
- Að gerð verði vöktunaráætlun fyrir fjöruna beggja vegna við fyrirhugaða bryggju, sérstaklega ef fyrstu 900 metrar hennar verða grjótgarður. Slíkar framkvæmdir geta haft veruleg áhrif á sandflutninga og landmótun við ströndina.
- Að sérstaklega verði metin áhrif sandfoks frá geymslusvæðinu, einkum til norðausturs yfir Álftaver. Þar hefur verið unnið að uppgræðslu og landbótum í áratugi og sandfok gæti hugsanlega ógnað þeirri vinnu og ræktunarmöguleikum bænda á svæðinu.
- Að tryggt verði að gervígarnir í Álftaversgígum, sem njóta verndar sem jarðminjar, verði ekki fyrir skemmdum vegna framkvæmdarinnar. Ef skemmdir reynast óhjákvæmilegar skal Katla jarðvangur fá tækifæri til skráningar og myndatöku á þeim gígum áður en rask á sér stað.
- Að Alviðruhamrar sjálfir, sem einnig teljast til jarðminja, verði varðir og ekki raskað vegna framkvæmda.

- Ef svæðið verður gert aðgengilegt ferðamönnum í tengslum við framkvæmdina, t.d. með nýjum vegi eða stíg, þá verði jarðvangurinn hafður með í ráðum varðandi uppbyggingu, fræðslu og umgjörð. Mikilvægt er að koma í veg fyrir gróðurskemmdir eða rask vegna aukinnar umferðar.
- Að tryggt verði að Dýralækjasker verði ekki fyrir áhrifum af framkvæmdum eða flutningum.
- Að skoða hvort hægt væri að nýta efni sem til fellur vegna dýpkunar frá bryggjussvæðinu árlega til að byggja upp fjöruna á milli sandfangaranna í Víkurfjöru. Með því mætti styðja við brýna þörf á varanlegri styrkingu strandarinnar þar, og tengja möguleika til nýtingar náttúrulegra auðlinda í þágu samfélagsins á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Kötlum UNESCO Global Geopark



Jóhannes M. Jóhannesson

jarðfræðingur





Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðarsvið
Suðurgötu 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 14
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2025
MÍ202503-0117/ 6.07 / P.H.

Efni: Bryggja við Alviðruhamra (nr. 0307/2025) – kynning matsáætlunar.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun vegna áforma EP Power Minerals ehf um að gera bryggju við Alviðruhamra á Mýrdalssandi. Að bryggjunni verður lagður vegur um 18 km leið yfir sandinn frá efnistökusvæði á Háöldu við Hafursey, með undirgöngum undir þjóðveg 1. Byggja þarf upp viðlegukant en utan við bryggjuna þarf svo að gera um 1 km langan brimvarnargarð, en svæðið er opið fyrir opnu hafi. Grjót í varnargarðinn verður að hluta fengið úr nágrenninu, en alls mun þurfa um 3 milljónir m³ af efni í gerð hans, enda mun hann liggja á allt að 20 m dýpi. Matsáætlun var unnin af Eflu, *Bryggja við Alviðruhamra. Matsáætlun*, dagsett 26. febrúar 2025.

Í greinargerðinni er fjallað er um fornminjar í kafla 4.4.7, bls. 53. Þar segir:

Stór hluti framkvæmdasvæðisins er svört sandauðn og hefur hluti þess farið illa út úr Kötluhlaupum fortíðar. Ströndin hefur svo verið mótuð af brimi og óheftum öldugangi. Ólíklegt er að mannvirki við Alviðruhamra hafi mikil áhrif á fornminjar en möguleg efnistaka við Mýrar í Álftaveri gæti gert það.

Ef meta skal áhrif þessara framkvæmda á menningarminjar þarf að huga að því jarðraski sem framkvæmdin hefur í heild, þ.e. ekki aðeins byggingu bryggju við Alviðruhamra, heldur einnig vegtengingar, námur, lagnaleiðir og hugsanlega aðra mannvirkjagerð sem þarf að ráðast í, jafnvel til skamms tíma, eins og vinnubúðir. Í matsskýrslunni eru kynntir ýmsir valkostir um vegagerð að námum (mynd 2.26) og ýmsir kostir varðandi efnistökusvæði vegna byggingu brimvarnargarðs (mynd 2.23). Ef leggja á mat á þessa valkosti með tilliti til minja þarf að liggja fyrir fullnægjandi fornleifaskráning á svæðunum – og þetta á einnig við um önnur áhrifasvæði framkvæmdanna, en allt framkvæmdasvæðið er lítt eða ekki skráð. Þótt „stór hluti framkvæmdasvæðisins er svört sandauðn“, þá má t.d. nefna að bærinn Bólhraun stóð á Mýrdalssandi fram til 1823 og fór

Þór Hjaltalín
Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

þá í eyði vegna sandágangs. Þótt minjarnar séu orpnar sandi og lítt sjáanlegar á yfirborði þá geta þær verið vel varðveittar og rannsóknargildi þeirra mikið. Minjar þessar þarf að staðsetja eins og kostur er og sömuleiðis að ganga úr skugga um að fleira kunni að leynast á svæðinu sem nú er óþekkt. Varðandi efnistökusvæðin vegna brimvarnargarðs, þá eru þau sum hver á svæðum þar sem vænta má minja í jörðu. Eina námustæðið sem skráð hefur verið er reitur F (sbr. mynd 2.23), en þar liggur fyrir skráning frá 2005 vegna deiliskipulags í Hrífunesi II. Skráning sú er þó komin til ára sinna og þyrfti að uppfæra með tilliti til núgildandi staðla.

Í matsáætluninni segir á bls. 53, „Starfsmenn Antikva munu sjá um fornleifarannsóknir á svæðinu sumarið 2025 og mun umfjöllun í umhverfismatsskýrslu að mestu leyti byggjast á niðurstöðuskýrslu Antikva“. Verkefni þeirra væri þá að vinna fullnægjandi skráningu á öllu áhrifasvæði framkvæmdanna og á þeim svæðum sem ætlunin er að meta, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Rétt er að minna á að fornleifar eru *fríðaðar* vegna aldurs, en allar minjar sem náð hafa 100 ára aldri flokkast til fornleifa og er óheimilt að hrófla við þeim nema með leyfi Minjastofnunar Íslands, sbr. 3. gr. laga um menningarminjar. Tvær uppistandandi byggingar eru á eða í nálægð við framkvæmdasvæðið, þ.e. Alviðruhamarsviti, byggður 1929 og sæluhúsið á Alviðruhömrum. Ekki er gert ráð fyrir að raska þessum byggingum og telur Minjastofnun ekki þörf á mannirkja- eða húsaskráningu á svæðinu.

Helstu athugasemdir Minjastofnunar Íslands eru eftirfarandi:

- Skráning fornleifa þarf að ná ekki aðeins yfir hið afmarkaða bryggjusvæði við Alviðruhamra, heldur einnig yfir aðrar tengdar framkvæmdir og áhrifasvæði þeirra, eins og t.d. vegi, jarðstrengi, námur og annað sem valdið getur raski á fornleifum, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar.
- Vakin er athygli á því að séu gerðar breytingar á ofangreindum svæðum eftir að skráningu fornleifa lýkur gæti þurft að bæta við fyrirbyggjandi skráningu. Ef unnið verður deiliskipulag fyrir svæðið þarf skráning að ná yfir allan deiliskipulagsreitinn. Skráningu telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun hefur staðfest hana, sbr. 15. gr. laga um menningarminjar.
- Ekki liggur fyrir í öllum atriðum endanleg áætlun um staðsetningu mannvirkja innan fyrirhugaðra framkvæmdasvæða. Minjastofnun mun úrskurða, ef eða þegar þar að kemur, hvort minjar megi víkja vegna framkvæmda og sömuleiðis til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa til ef fornleifar eru í yfirvofandi hættu.
- Í matsáætlun er fjallað nokkuð um áhrif framkvæmdanna á landslag og sjónræn áhrif þeirra á umhverfið. Minjastofnun

vekur athygli á því að við vernd menningarminja er í auknum mæli á horft til varðveislu menningar- og búsetulandslags og sjónrænna áhrifa framkvæmda á það, með hliðsjón af Evrópska landslagssamningnum, lögum um menningarminjar, lögum um náttúruvernd auk menningarstefnu í mannvirkjagerð sem og Landsskipulagsstefnu.

Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina. Frekari leiðbeiningar eða upplýsingar um ofangreint má fá hjá undirrituðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands,



Þór Ingólfsson Hjalteinn
Sviðstjóri minjavarðasviðs

Skipulagsstofnun

Mál nr.307/2025

Tengiliður: Jón Smári Jónsson

Sent á: skipulagsgatt

Reykjavík 15. apríl. 2025

Efni: Bryggja við Alviðruhamra

EP Power Minerals Iceland ehf. hyggst gera bryggju við Alviðruhamra á austanverðum Mýrdalssandi í ljósi athugasemda á fyrri stigum vegna áforma um landflutninga á efni eftir þjóðvegakerfi landsins. Landvernd hefur kynnt sér þessi útflutningsáform á jarðefnum úr landi en fyrirkomulag flutninga á þjóðvegum landsins var eitt af stóru umhverfisáskorunum. Landvernd hefur áður skrifað umsagnir um önnur sambærileg áform hér á landi t.d. Heidelberg í Ölfusi sem hætt var við vegna margvíslegra neikvæðra umhverfisáhrifa, líka annarra áhrifa en frá flutningum á stofnvegum eða þjóðvegum.

Hvað varðar áformaða bryggju / hafnarmannvirki er ljóst að við sendna strönd, sem þarna er um að ræða, þarf gríðarlegt magn af sprengigrjóti út á allt að 20 m dýpi. Við slíkar framkvæmdir eru margir óvissupættir, t.d. hvað varðar efnismagn í bryggju / hafnarmannvirkið, sem og veðurfarslegar áskoranir, sem hlýtur að verða tekið sérstaklega fyrir við mat á áhrifum. Þá á hið sama við um óvissupætti um efnismagn úr námum sem tilgreindar eru og taldar koma til greina. Betur hefði farið á því að við jafn stórtæka efnistöku lægi fyrir leyfi um efnistökusvæði, sem ekki hefðu áhrif á friðuð svæði á nærsvæði.

Efnismagnið, þ.e. útflutningur á 5 milljónum tonna á ári í 30 ár, er svo stórt að það vekur spurningar út frá náttúru og umhverfi og má ætla að sú stórsókn í jarðrænar auðlindir kunni að skaða ímynd svæðisins varanlega. Landvernd telur að ekki hafi í meðfylgjandi áætlun verið sýnt fram á með haldbærum gögnum að meintan loftslagsávinningur hafi verið reiknaður til fulls. Vert er að hafa í huga að Ísland vinnur nú að innleiðingu á alþjóðlegu samkomulagi um líffræðilega fjölbreytni þar sem á að draga úr niðurbroti á landi og sinna endurheimt á vistkerfum Ef horft er í magntölur sem liggja til grundvallar í skýrslunni er vandséð hvernig þetta verkefni samræmist samkomulag sem Ísland hefur undirritað um líffræðilega fjölbreytni.

Friðlýst svæði og líffræðileg fjölbreytni

Álftaver er tiltekið sem mögulegt efnistökusvæði og lýsir Landvernd andstöðu við þau áform en Álftaversgígar eru friðlýst náttúruvætti og stórtækar framkvæmdir og niðurbrot á landi í næsta nágrenni mun hafa víðtæk áhrif og þar með talið á náttúruvættið sjálft. Það er jafnframt mikilvægt að hafa í huga að framkvæmdir sem þessar með grjótvargörðum/hafnarmannvirkjum í sjó fram kunna að hafa óafturkræf áhrif á strauma við ströndina og á lífríki fiskjar/nytjastofna og botndýralífs. Þá verður sömuleiðis að kanna möguleg áhrif framkvæmda á vatnalíf í Skaftafellssýslum en auk laxfiska eru umtalsverðar göngur af sjóbirtingi í þeim vatnsföllum sem kunna að verða fyrir áhrifum.

Landvernd lítur svo á að yfirskrift þessarar áætlunar, „Bryggja við Alviðruhamra“, gefi mjög villandi og takmarkaða mynd af umfangi verkefnisins sem er að öðru leyti til umfjöllunar í skýrslunni. Námuvinnsla og flutningar á 5 milljón tonnum á ári í 30 ár með öllum þeim framkvæmdum sem fylgja með víðtækum áhrifum á náttúru og umhverfi svæðisins hlýtur að kalla á endurskoðun á yfirskrift þessarar áætlunar. Þá gerir Landvernd athugasemdir við að ekki sé gerð tilraun til þess að birta a.m.k. tilgátumyndir af áætluðum áhrifum á ásýnd lands eftir að efnistöku verður lokið að 30 árum liðnum.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður

Vegna: Máls nr. 0307/2025, Bryggja við Alviðruhamra (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Í ágúst árið 2022 var í umræðunni stórfeldur vikurflutningur landleiðina frá Hjörleifshöfða til Þorlákshafnar, áætlað var að 30 flutningabílar færu samanlagt 107 ferðir á sólarhring á 15 mínótna fresti legði flutningabíll af stað með fullfermi.

Ég var með hugmynd um hvernig væri hægt að gera þetta án viðkomu á Þjóðvegi 1. og sendi tillögu mína að hönnun í tölvupósti 31. ágúst 2022 til fjögurra aðila sem tengdust verkefninu, þeir eru: Sveitarstjóri og Oddviti Mýrdalshrepps, Bergþóra Þorkelsdóttir Vegagerðinni, Sigurður Ingi Jóhannsson þá Innviðaráðherra og loks Sveitarstjóri Ölfus.

Ekkert þeirra sá ástæðu til að svara póstinum, þess vegna kom það mér verulega á óvart að sjá tillöguna vera komna í umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun.

Af þeirri ástæðu hef ég ákveðið að birta hana hér í heild sinni lesendum til glöggvunar.

•

Höfundur: Svavar Garðarsson/senjor@simnet.is

Sent inn þann: 31.03.2025 , **Fyrir hönd:**

Vegna: Máls nr. 0307/2025, Bryggja við Alviðruhamra (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Land og skógur, hvað varðar þau atriði sem snúa að starfs- og fagsviðum stofnunarinnar, gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina.

kv. f.h. LogS, PS

Höfundur: Páll Sigurðsson/pall.sigurdsson@skogur.is

Sent inn þann: 16.04.2025 , **Fyrir hönd:** Land og skógur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 7. apríl 2025
202503-0235/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matsáætlun - Bryggja við Alviðruhamra

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

Í erindinu kemur fram að EP Power Minerals Iceland ehf. hyggst gera bryggju við Alviðruhamra á austanverðum Mýrdalssandi. Að bryggjunni verður vegur yfir sandinn frá efnistökusvæði á Háöldu við Hafursey. Byggja þarf upp og reka viðlegukant við Alviðruhamra á austanverðum Mýrdalssandi. Staðurinn er um 12 km vestan við ósa Kúðafljóts og suðvestan við Álftaver. Utan við bryggjuna þarf svo að gera um 1 km langan brimvarnargarð til að skýla fyrir öldugangi, en svæðið er fyrir opnu hafi. Brimvarnargarðurinn verður á 16-20 m dýpi og því þarf mikið efni í gerð hans, um 3 milljónir m³, en þar af er áætlað að um hálf milljón m³ verði steiptar einingar. Grjót í varnargarðinn verður fengið að hluta í nágrenninu.

Með styttri flutningsleið og sérhannaðri bryggju er talið hægt að auka vinnslugetuna umtalsvert og flytja út allt að 5 milljónir tonna árlega, jafnvel meira.

Álftaversgígar

Álftaversgígar eru friðlýst náttúruvætti sem mynduðust í Eldgjárgosinu 934.¹ Eldsumbrotin í Eldgjárgosinu voru gífurleg og hraun vall upp og flæddi fram úr 75 km langri gossprungu sem opnaðist á milli Mýrdalsjökuls og Vatnajökuls. Talið er líklegt að gosið hafi staðið yfir í 3 til 8 ár og því fylgdi mikið hraunflæði, gjóska og stórt jökulhlaup. Eldgjárhraunið flæddi um 70km leið niður í átt til sjávar í nokkrum hrauntaumum. Stærstu taumarnir eru nefndir Álftavershraun, Meðallandshraun og Landbrotshraun.

Álftaver afmarkast af Kúðafljóti að austan og Blautukvísl að vestan. Sveitin dregur nafn sitt af gróðurmiklu votlendi sem einkennir svæðið. Heitið Álftaver bendir jafnframt til þess að svæðið hafi verið mikið sótt af álftum. Álftir leitast eftir tjörnum og votlendi á sumrin og verpur á bökkum, í hólum eða mýrum.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin nær ekki til marka náttúruvættisins.

Hins vegar er nauðsynlegat að mati Náttúruverndarstofnunar að fjallað sé um það og áhrif framkvæmdanna á það.

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/alftaversgigar_105_1975.pdf

Auk þess vill Náttúruverndarstofnun benda á mikilvæði þess að tillagan taki mið af 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað sé um í tillögunni hvort landnotkun og framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hin friðlýsta svæði. Þetta getur m.a. átt við byggingar, skógrækt, landgræðslu og efnistöku. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á eins og kemur fram í greinargerð að innan framkvæmdasvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í greinargerð segir að við hönnun á veglínu verður reynt að sneiða fram hjá gervígum eins og kostur er.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að umfjöllun og málsmeðferð um ofangreindar náttúruminjar séu í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á því á mikilvægi þess að hraunasvæðið sé kortlagt og við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir

hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Landslag

Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem tillagan getur haft áhrif á landslag þá vill stofnunin vekja athygli á mikilvægi þess að lög um náttúruvernd 60/2013 og landslagssamningur Evrópu sé höfð sem umhverfisviðmið undir umhverfispættinum landslag og ásýnd.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.

Landslagssamningur Evrópu

Samningurinn var gerður á vettvangi Evrópuráðsins árið 2000 en var fullgiltur á Íslandi 1. apríl árið 2020. Markmið samningsins er að efla verndun, nýtingu og áætlanir um landslag, og að skipuleggja evrópska samvinnu um málefni varðandi landslag. Samningurinn gildir um allt yfirráðasvæði aðildarríkja og nær til ósnortins lands, þéttbýlis, dreifbýlis og umhverfis borga. Hann tekur einnig yfir innri og skipgengar vatnaleiðir og sjávarsvæði auk þess sem samningurinn gildir hvort sem landslag kunni að teljast framúrskarandi, hversdagslegt eða niðurnítt.

Ásýnd og sjónarhorn

Náttúruverndarstofnun bendir á að útsýni er frá leiðinni inn í Þakgil og frá Hafursey.

Gönguleið um Hafursey er lýst þannig: „Skemmtileg gönguleið á „eyju“ með góð útsýni þá sérstaklega hafi fólk áhuga á eldsumbrotum og jarðfræði Kötlusvæðisins.

Hafursey er ein af nokkrum landföstum eyjum ef svo má að orði komast. Dyrhólaey, Pétursey og Hafursey rísa allar upp frá umhverfi sínu sem eyjar og hafa líklega hlotið nöfn sín af því.

Hafursey er nokkuð stór um sig og er neðan Kötlujökuls, hefur því líklega séð þau nokkur jökulhlaupin. Hún skiptist má segja í tvennt af Klofgili að norðan, hæsti tindurinn á eystri hlutanum heitir Kistufell (525 m.y.s.) en á vestari hlutanum er það Skálarfjall (582 m.y.s.) og það er þangað sem leið okkar liggur.

Hægt er að aka hringinn um Hafursey en við öllum að suðurenda vestari hlutans þar sem gangan hefst. Við sjáum skeifulaga skál í fjallinu og stefnum á hægri hluta hennar, göngum í sveig, fyrst til hægri og svo til vinstri upp á hrygginn vestast. Eftir grasi vaxna hlíð taka við smáskriður en annars er leiðin nokkuð greið.

Útsýnið er gott og þá sérstaklega yfir á Höfðabrekkuafreitt þar sem við þekkjum örnefni eins og Þakgil og Remundargil. Í suður sjáum við svarta sanda niður að sjó og Hjörleifshöfða rísa upp úr þeim sunnan þjóðvegjar.

Til norðurs er Mýrdalsjökull í allri sinni dýrð en þegar við höfum notið útsýnis er haldið tilbaka eftir sömu leið en einnig má elta leiðina sem ferilinn hér sýnir en þá er farið niður örlítið vestar eða því sem næst eftir þeirri leið sem lýst er í Íslensk fjöll, bók Ara Trausta og Péturs.“²

Efnistaka og frágangur

Náttúruverndarstofnun tekur undir mikilvægi þess að hugað sé að landmótun/endurgerð og frágangi á meðan vinnsla er í gangi og þegar vinnslutíma líkur.

Náttúruverndarstofnun bendir á að með landmótun er hér átt við frágang námusvæða sem felur í sér mótun raskaðra svæða á þann hátt að þau falli sem best að umhverfi sínu að efnistöku lokinni. Markmið landmótunar og viðeigandi uppgræðslu er að sýnileg ummerki efnistökunnar verði eins lítil og kostur er og hverfi algerlega með tímanum þar sem vel tekst til.

Náttúruverndarstofnun bendir á að með endurgerð jarðmyndunar eða endurgerð lands felur í sér að land er mótað að nýju þar sem jarðmyndun hefur verið skert eða fjarlægð við efnistöku. Markmið landmótunar af þessu tagi er að fella efnistökusvæðið að nánasta umhverfi á þann hátt að það teljist eðlilegur hluti þess. Sá gróður sem fyrir var er látinn aðlaga sig eftir föngum að nýjum aðstæðum. Dæmi um efnistöku af þessu tagi eru annars vegar úr Mýrdal þar sem tjarnir voru mótaðar við efnistökuna og hins vegar úr Norðurárdal þar sem við efnistökuna var grafinn nýr farvegur Norðurár.³

Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag (bls.38)

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um viðeigandi verndarmarkmið í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Landsskipulagsstefna

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að verndarmarkmið Landsskipulagsstefnu sé höfð til hliðsjónar í vinnunni. Þar segir m.a.:

Áhersla A.5: Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir. Liður 7. Landslagsgreining verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum og miðað að því að virða sérkenni landbúnaðarlands og varðveita jarðfræðilega fjölbreytni og menningarlandslag. (D)

Áhersla A.7: Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.

Samlegðaráhrif

Í matsáætlun segir að ef komi til nýrrar tengingar á milli Prestbakka og Víkur yrði hún á forræði Rarik eða Landsnets og að þeir aðilar muni sjá um mat á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar. Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að sem flestir þættir sem tengjast þessari framkvæmd séu metnir sem og sammögnunaráhrif þeirra.

Fótspor

Þar sem tilgangur verkefnisins er að draga úr koldíoxíðslosun er mikilvægt að mati Náttúruverndarstofnunar að kolefnisspor framkvæmdarinnar sé reiknað og lagt fram. Það á við alla mögulega valkosti hvað varðar flutning að skipi, byggingu, gerð og eðli varnargarðs auk flutnings til

² <https://gonguleidir.is/listing/hafursey/>

³ <https://www.namur.is/>

Þýskalands og fleira. Einnig þarf að skoða hvort þjónusta vistkerfa sem kunna að raskast, breytist m.t.t. kolefnisbindingar.

Hljóðmengun á sjávarspendýr

Að mati Náttúruverndarstofnunar væri æskilegt að meta áhrif hljóðmengunar á sjávarspendýr, bæði á framkvæmdartíma og á rekstrartíma. Rannsóknir hafa sýnt að hljóð hafa truflandi áhrif á samskipti dýranna og þau hljóð geta komið frá því þegar rör eru rekin ofan í sandinn⁴ og við mikla og stöðuga skipaumferð⁵.

Lífriki

Sjóbirtingur er algengur í ám í Skaftafellssýslum og gera verður ráð fyrir að hann gangi töluvert á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Áhrif framkvæmda á göngur og fæðuslóðir laxfiska þarf að mati Náttúruverndarstofnunar að greina og meta.

Í skýrslunni er gert ráð fyrir að reglulega þurfi að dæla burtu sandi sem safnast innan bráðabirgðarhafnaraðstöðu. Einnig þarf mögulega viðhaldsdýpkanir vegna hafnarinnar sjálfrar. Skoða þarf vandlega að mati Náttúruverndarstofnunar hvort sú gruggmyndun sem þá verður hafi áhrif á sjávarlífriki, þar á meðal uppeldissvæði nytjastofna. Ekki er rétt að mati Náttúruverndarstofnunar að bíða og sjá til með mögulega sjálfstætt umhverfismatsferli. Þetta er hluti af þessari framkvæmd og ætti að skoðast sem slíkt.

Í matsáætluninni er á nokkrum stöðum reynt að draga fram að verkefnið muni aðeins skerða lítinn hluta einhvers þáttar og þar af leiðandi skipti það ekki máli í umhverfismatinu. Þannig skipta 21,5 ha búsvæði ekki máli fyrir hrygningu loðnu, 0,01% af vatnshloti myndi ekki hafa áhrif á gæði þess og þar sem fáir eru á ferli skipta breytingar á ásýnd litlu máli. Þessi framsetning er að mati Náttúruverndarstofnunar ekki gagnleg. Mikilvægt er að hafa í huga að allt rask hefur áhrif og sundrun vistkerfa (habitat fragmentation) er stór áhrifavaldur í hnignun þeirra sem og líffræðilegs fjölbreytileika á heimsvísu.

Kötluhlaup


Í umfjöllun um mögulegt Kötluhlaup er sagt að tjón á flutningsleið sé óumflýjanlegt en að mannvirki á Alviðruhömrum verði í skjóli frá helstu hlaupleiðum. Það er engu að síður mat Náttúruverndarstofnunar að mikilvægt sé að skoða möguleg hlaup í mati á umhverfisáhrifum og þá skuli einnig horfa til þeirra setflutninga sem munu eiga sér stað meðfram ströndinni. Getu þeir flutningar gert mannvirkin ónothæf, verður hægt að bjarga þeim og þá með hvaða hætti. Ekki bara horfa á hlaupið sjálft heldur líka afleiðingar þess til lengri tíma.

Virðingarfyllt,
Axel Benediktsson
sérfræðingur

⁴ Southall, B. L., Bowles, A. E., Ellison, W. T., Finneran, J. J., Gentry, R. L., Greene Jr, C. R., ... & Tyack, P. L. (2007). Marine mammal noise exposure criteria: Initial scientific recommendations. *Aquatic Mammals*, 33(4), 411-521.

⁵ McKenna, M. F., Ross, D., Wiggins, S. M., & Hildebrand, J. A. (2012). Underwater noise pollution from commercial shipping and its impact on marine life. *Biological Conservation*, 147(1), 312-322.

Sveinn Kári Valdimarsson
sérfræðingur



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
150 Reykjavík

Reykjavík 14. apríl 2025
Tilvísun: 2503096/0.7.2

Efni: Bryggja við Alviðruhamra, nr. 0307/2025: Kynning matsáætlunar (Mat á umhverfisáhrifum)

Visað er til erindis Skipulagsstofnunar til Landhelgisgæslu Íslands, dags. 19. mars 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Landhelgisgæslu Íslands við eftirfarandi mál í Skipulagsgátt: Bryggja við Alviðruhamra, nr. 0307/2025: Kynning matsáætlunar (Mat á umhverfisáhrifum).


Meðal hlutverka Landhelgisgæslu Íslands er að sinna öryggisgæslu, leit og björgun á hafinu og sinnir stofnunin fjölbreyttum verkefnum, meðal þeirra má nefna eftirlit á hafi, tilkynningar til sjófarenda, björgunarþjónustu og aðstoð við almannavarnir. Öryggi siglinga við landið er stofnuninni sem og öllum sjófarendum afar mikilvægt.

Landhelgisgæslan telur rétt að nefna að staðsetning hafnarmannvirkja skerðir siglingarsvæði minni báta sem sigla í skjóli af landi í aflandsvindi og að framkvæmdin gæti mögulega haft áhrif á veiðar á svæðinu t.d. með handfæri og dragnót. Eins telur stofnunin rétt að vekja athygli á því á að svæðið er fyrir opnu hafi og óvarið fyrir þungum úthafsöldum sem hefur áhrif á öryggi skipa í og við höfnina.

Landhelgisgæslan bendir að lokum á að tilkynningar varðandi framkvæmdasvæði þurfa að berast sjómælinga- og siglingaöryggisdeild Landhelgisgæslu Íslands til að upplýsingarnar komist til sjófarenda og í sjókort. Ákjósanlegt er að nota pósthafið sjokort@lhg.is.

Sé þess óskað eru fulltrúar stofnunarinnar reiðubúnir að eiga fund með Skipulagsstofnun til að fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,


Sigríður Skaftadóttir
Lögfræðingur



14.04.2025 – Reykjavík

Efni: Bryggja við Alviðruhamra – Matsáætlun til kynningar

Samtök ferðaþjónustunnar hafa tekið til umsagnar tillögu að umhverfismati vegna uppbyggingar á bryggju við Alviðruhamra og vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Samtökin teljum að fyrirhuguð framkvæmd – bryggja við Alviðruhamra, með tilheyrandi flutningsleiðum, geymslusvæði og efnistökusvæðum – eigi að fara í ítarlegt mat á umhverfisáhrifum.

- **Umfang uppbyggingar og áhrif á ásýnd lands**

Fyrirhuguð framkvæmd er gríðarlega umfangsmikil, bæði þegar horft er námuvinnslunnar sjálfrar auk vegagerðar og uppbyggingar á hafnarinnviðum. Áætlað er að námusvæðið nái yfir allt að 1500 ha lands, vegagerð verði 16 km af 18 m breiðum vegi auk þess 3 milljónir rúmmetra fari í uppbyggingu varnargarðs. Og mun það efni verða sótt í næsta nágrenni með tilheyrandi rask.

Þá er áætlað að allt að 20.000 tonn verði flutt daglega með 50 metra löngum vögnum eða námubílum. Verður því ekki komist hjá því að framkvæmdin breyti allri ásýnd svæðisins.

Eins og gefur að skilja mun slíkt rask hafa gríðarleg áhrif á landslag og ásýnd svæðis sem nær til landnámsjarðarinnar Hjörleifshöfða og Hafurseyjar.

- **Óafturkræf áhrif á ferðamannasvæði**

Svæðið sem um ræðir er hluti af víðerni á Mýrdalssandi – einstöku landslagi sem sameinar eldvirkni, jökuláhrif og strandlínu. Námuvinnslan og framkvæmdir fela í sér umfangsmiklar breytingar á víðáttumiklu svæði.

Ferðamenn sem aka þjóðveg 1 njóta ósnortins útsýnis yfir Hafursey og Hjörleifshöfða og svartar sandbreiður Mýrdalssands. Víðerni, náttúra og kyrrð eru mikilvægir þættir í upplifun ferðafólks, og er líklegt að sjónræn mengun, þ.e. stórar flutningsleiðir, bílalestir og geymslusvæði, rýri upplifun þeirra verulega.

Í Mýrdalnum hefur ferðapjónusta vaxið ört undanfarin ár og er nú langstærsta atvinnugreinin á svæðinu. Framkvæmdin getur skapað neikvæð áhrif á eftirspurn eftir þjónustu í Vík og nágrenni ef svæðið telst ekki lengur ósnortið. Það er vel þekkt úr rannsóknum að ferðapjónusta og iðnaðarframkvæmdir fara illa saman, sérstaklega á svæðum sem byggja á náttúruupplifun og kyrrð. Því verður að taka tillit til atvinnuþróunar á svæðinu svo ekki sé gengið á núverandi hagsmuni svæðisins

- **Skert framtíðarmöguleiki til frekari uppbyggingar ferðapjónustu**

Alviðruhamrar eru staður sem hefur ekki verið markaðssettur eða nýttur sem ferðamannastaður hingað til, en staðsetningin – með aðgengi að sjávarsandi, jarðmyndunum og nálægð við sögulegar leiðir – býr yfir miklu tækifæri til náttúruupplifunar og útivistar. Fáist leyfi til að nýta svæðið til efnistöku er augljóst að svæðið verður skert til mögulegrar framtíðar uppbyggingar ferðapjónustu á svæðinu.

- **Árekstur við verndarsjónarmið og náttúruverndarlög**

Framkvæmdaraðilar horfa til þess að nýta sér grjótnámur á nærsvæðinu til efnistöku en efnistakan verður umfangsmikil, um 2,5 milljónir rúmmetra. Og er horft sérstaklega til bæjarins Mýrar, Bólhrauns og áðurnefndra Alviðruhamra til slíkrar efnistöku.

Umsögn Náttúruverndarstofnunar fer ítarlega í möguleg neikvæð áhrif á náttúruverndarsvæði og þeirrar verndar sem hraun nýtur samkvæmt lögum um náttúruvernd. Því er augljóst að framkvæmdaraðilar þurfi að tilgreina sérstaklega hvernig þeir ætli sér að umgangast þessa staði með tilliti til fyrirhugaðrar efnistöku og íslenskra laga um náttúruvernd.

Þá þarf að setja spurningarmerki við matsáætlunina þegar kemur að umfjöllun um Álftaversgíga. Í matsáætlun kemur fram að "reynt verði að sneiða hjá gervigígum", sem er vægast sagt undarlegt orðalag þegar kemur að náttúrminjum. Hér þarf að vinna heimavinnuna betur og skilgreina með ítarlegu mati og vandaðri röksemdafærslu hvernig umgengni við Álftaversgígana verður.

Ályktun

Samtökin telja að fyrirhuguð framkvæmd hafi veruleg, varanleg og neikvæð áhrif á ferðapjónustu á svæðinu – sérstaklega með tilliti til framtíðaruppbyggingar. Landslag og ósnortin náttúra eru meginaðdráttarafl suðurlandsins og forsendur áframhaldandi þróunar ferðapjónustu í Mýrdalnum.

Í ljósi þess telur umsagnaraðili að framkvæmdin eigi ótvírætt að sæta fullu mati á umhverfisáhrifum, þar sem áhrif á ásýnd, náttúruverndarsvæði, menningarminjar og samfélag séu metin með vönduðum hætti. Mjög takmörkuðu umfjöllun er í matsáætlun framkvæmdaraðila um áhrif á ferðapjónustu á svæðinu og þarf að bæta

verulega úr því við uppfærslu matsáætlunar. Stærsta atvinnugrein svæðisins er ferðaþjónusta og því augljóst að samfélagið hefur sterk tengsl við atvinnugreinina og því mikilvægt að fjallað sé ítarlega um hagsmuni greinarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in black ink, reading 'Ágúst Elvar Bjarnason'. The script is cursive and fluid, with the first letters of each word being capitalized and prominent.

Ágúst Elvar Bjarnason

Verkefnastjóri